



Alþingi
Erindi nr. P 135/2540
komudagur 6.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um opinbera háskóla, þingskjal 847 – 546. mál

Reykjavík, 5. maí 2008

Efni: Frumvarp til laga um opinbera háskóla, þingskjal 847 - 546. mál.

Háskóli Íslands þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um framangreint frumvarp. Frumvarpið er í flestum atriðum í takt við stefnu Háskóla Íslands og nýlegar samþykktir hans. Í frumvarpinu eru þó nokkur atriði sem Háskóli Íslands vill gera athugasemdir við og fara þær hér á eftir. Sérstaklega er vakin athygli á alvarlegum athugasemdum er lúta að skipan háskólaráðs.

Forsendur og almenn atriði

Í 3. mgr. 2. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 er kveðið á um að áður en lögum og reglum er snerta háskólann eða háskólastofnanir verður breytt eða við þau aukið skuli háskólaráð leita umsagnar háskólafundar. Á 25. háskólafundi í Háskóla Íslands 17. apríl sl. var frumvarp um opinbera háskóla kynnt og rætt. Niðurstaða fundarins var sú að fela rektor og háskólaráði að ganga frá umsögn Háskóla Íslands um frumvarpið á grundvelli fyrri samþykpta háskólafundar og háskólaráðs og með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundinum. Öllum fulltrúum á háskólafundi var gefinn kostur á að senda inn ábendingar innan tveggja vikna. Jafnframt var samþykkt að í haust verði efnt til umræðu um fjármögnun opinberra háskóla.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt á fundi háskólaráðs 5. maí 2008. Raktar eru helstu breytingar sem háskólinn leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Í greinargerð sem fylgir eru færð fram rök fyrir tillögum háskólans [fylgiskjal 1]. Jafnframt fylgja með samþykktir sem háskólinn hefur gert og eru forsendur umsagnarinnar, sbr. ályktun háskólafundarins 17. apríl sl. Þar er átt við stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 sem samþykkt var á háskólafundi 5. maí 2006 og staðfest af háskólaráði 11. maí 2006 [fylgiskjal 2] og „Lokatillögur starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands“ sem samþykktar voru á háskólafundi 19. október 2007 og í háskólaráði 23. október 2007 [fylgiskjal 3] og „Verkaskipting, stoðþjónusta og stjórnsýsla í nýju skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands“ sem samþykkt var í háskólaráði 6. mars 2008 [fylgiskjal 4]. Í þessu samhengi er einnig rétt að taka fram að í kjölfar stefnumörkunar háskólans vorið 2006 var 11. janúar 2007 undirritaður samningur á milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um fjármögnun stefnunnar sem gildir til ársloka 2011.

Yfirlit breytingartillagna Háskóla Íslands

3. gr. Hlutverk

Lagt er til að nýr málsliður komi á milli 3. og 4. másl. 3. gr. svohljóðandi: *Háskóli miðlar fræðslu til almennings og veitir samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.*

4. gr. Skipulagseiningar og rekstrarform

Lagt er til að í stað orðsins „skóli“ í frumvarpinu verði notað orðið „fræðasvið“.

Lagt er til að c. liður orðist svo: *Háskólastofnanir sem heyra undir skóla eða deild skv. ákvörðun skólaráðs.*

5. gr. Háskólaráð og stjórn háskóla

Lagt er til að 1. og 2. másl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: *Stjórn háskóla er falin háskólaráði, rektor, forsetum skóla og stjórnnum skóla. Háskólaráð markar heildarstefnu í málefnum háskóla á grundvelli stefnumótunar háskólafundar og mótar skipulag háskóla.*

Lagt er til að nýr másl. komi aftan við 3. másl. 1. mgr. 5. gr. svohljóðandi: *Háskólaráð setur reglur um skipulag stjórnswslu háskóla.*

Lagt er til að í lok 2. mgr. 5. gr. komi nýr másl. sem orðist svo: *Háskólaráð setur háskóla reglur á grundvelli þessara laga.*

Lagt er til að orðið „aðrar“ verði fellt út úr 1. másl. 3. mgr. 5. gr.

6. gr. Fulltrúar í háskólaráði

Lagt er til að heiti 6. gr. verði óbreytt og greinin í heild orðuð þannig:

Í háskólaráði eiga sæti:

- 1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt formaður þess.*
- 2. Fulltrúar fræðasviða háskóla, einn frá hverju fræðasviði, kjörnir af akademískum starfsmönnum á viðkomandi fræðasviði til tveggja ára í senn úr hópi akademískra starfsmanna í fullu starfi sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið. Fulltrúar fræðasviða geta aldrei verið fleiri en fimm.*
- 3. Tveir fulltrúar stúdenta valdir af heildarsamtökum stúdenta við háskólann til tveggja ára í senn.*
- 4. Þrír utanaðkomandi fulltrúar sem tilnefndir eru af fráfarandi háskólaráði og skipaðir af menntamálaráðherra.*

Hverjum fulltrúa skv. 2. og 3. tölul. skal valinn varamaður. Þrír fulltrúar skv. 4. tölul. og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu valdir sameiginlega af rektor og fulltrúum skv. 2. og 3. tölul. Þegar þeir hafa verið valdir til setu í ráðinu til næstu tveggja ára. Við val fulltrúa skv. 4. tölul. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings. Fulltrúar skv. 4. tölul. mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar, sem taldir eru í þessari málsgrein, hafa verið valdir telst háskólaráð fullskipað.

Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum fræðasviða og nemenda í ráðið, kosningarétt og kjörgengi, vægi atkvæða, undirbúning og framkvæmd kosninga. Leita skal umsagnar háskólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt. Háskólaráðsfulltrúar kjósa úr sínum hópi varaformann ráðsins.

Þessi tillaga er nánar skýrð í greinargerð, en áréttað er að Háskóli Íslands leggur eindregið til við Alþingi að fallist verði á það fyrirkomulag um skipan háskólaráðs sem Háskóli Íslands leggur til og rík samstaða er um innan skólans. Þar tekur skipan ráðsins mið af hlutverki þess

og eðli háskólastarfseminnar. Samkvæmt tillögu háskólans geta fulltrúar í háskólaráði verið flestir 11 og fæstir 7 og ræðst mismunurinn af fjölda fræðasviða háskóla. Með því yrði skipan ráðsins jafnframt betur sniðin að ólíkum háskólum að stærð, umfangi starfsemi og viðfangsefnum.

7. gr. Fundir háskólaráðs

Eftirfarandi tillögur að breytingum eru gerðar, sbr. framangreinda tillögu háskólans um orðalag 6. gr.:

Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. orðist svo: *Æski eigi færri en helmingur fulltrúa í háskólaráði fundar er formanni skylt að boða til hans.*

Lagt er til að 1. másl. 2. mgr. orðist svo: *Háskólaráð er ályktunarfært ef eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsfulltrúa sækja fund.*

8. gr. Háskólarektor

Lagt er til að 3. másl. (núverandi) 2. mgr. 8. gr. orðist svo: *Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólafundur og háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans.*

Lagt er til að tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr. bætist við 8. gr. svohljóðandi: *Þann einan má skipa í stöðu rektors sem hefur prófessorshæfi og öðlast hefur stjórnunarreynslu.*

Rektor verður ekki leystur frá störfum án þess að það sé borið undir háskólaráð og hljóti samþykki meirihluta þess.

2. mgr. verður 4. mgr. o.s.frv.

9. gr. Háskólafundur

Lagt er til að í stað 2. másl. 1 mgr. komi nýr másl. svohljóðandi: *Háskólafundur mótar og setur fram sameiginlega stefnu háskólans að frumkvæði rektors.*

Lagt er til að ný mgr., 4. mgr., bætist við 9. gr. og orðist þannig: *Heimilt er í reglum sem háskólaráð setur, að nota annað heiti fyrir háskólafund.*

10. gr. Fulltrúar á háskólafundi

Lagt er til að 1. másl. 1. mgr. orðist svo: *Á háskólafundi eiga sæti rektor, forsetar skóla, og formenn deilda.*

Lagt er til að 3. mgr. 10. gr. verði breytt og hún orðist þannig: *Háskólaráð setur nánari reglur um fjölda fulltrúa sem sæti eiga á háskólafundi skv. 1. mgr. og um val þeirra og kjörtíma. Háskólafundur setur nánari reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar og um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundi, en þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra.*

Lagt er til að 3. mgr. breytist þannig að fulltrúar stúdenta verði kjörnir til tveggja ára í senn, í stað eins árs eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Er þetta í samræmi við tillögu háskólans um kjörtímabil fulltrúa stúdenta í háskólaráði.

11. gr. Skólar og stofnanir

Lagt er til að í stað orðsins „megineiningar“ í 1. másl. 1. mgr. komi orðið „meginskipulagseiningar“.

Lagt er til að orðið „mörk“ verði felld út úr 2. másl. 1. mgr. og í stað orðsins „reglugerð“ í lok 2. másl. komi orðið „reglur“.

12. gr. Forsetar skóla og deildarformenn

Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. breytist og orðist svo: *Rektor ræður forseta hvers skóla að undangenginni auglýsingu. Háskólaráð setur nánari reglur um undirbúning og fyrirkomulag ráðningar forseta skóla.*

Lagt er til að ný málsgrein bætist við aftan við 1. mgr. og verði 2. mgr. svohljóðandi: *Forseti skóla skal að jafnaði hafa prófessorshæfi og viðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.*

Lagt er til að (núverandi) 2. mgr. verði umorðuð og orðist í heild þannig: *Í umboði háskólaráðs og rektors á forseti frumkvæði að útfærslu stefnu háskólans á vettvangi skóla, mótun stefnu fyrir skóla, hefur eftirlit með starfi og stjórnarsýslu hans og ræður til hans starfslið. Forseti er akademískur leiðtogi skóla, formaður stjórnar og fer með vald stjórnar á milli funda. Hann ber ábyrgð á fjármálum og rekstri skóla og þeirra stofnana sem undir hann heyra, starfsmannamálum og almennum gæðakröfum skóla gagnvart rektor og háskólaráði, sbr. 5. gr. Rektor ákvarðar nánar um starfsskyldur forseta skóla. Formaður deildar skal hafa prófessors- eða dósentshæfi og reynslu af stjórnun. Háskólaráð setur reglur um val deildarformanna, hlutverk þeirra og um tímalengd formennsku.*

13. gr. Skólaráð

Lagt er til að 1. másl. 1. mgr. orðist svo: *Forseti og deildarformenn mynda skólaráð og er forseti formaður þess.*

Lagt er til að 3. másl. 1. mgr. verði breytt og orðist svo: *Skólaráð fjallar um sameiginleg málefni skólans, þar á meðal um fjárhagsleg málefni skóla og ákvarðanir deilda um námsframboð.*

15. gr. Starfsheiti

Lagt er til að aftan við 2. másl. 1. mgr. 15. gr. bætist nýr másl. sem verði 3. másl. svohljóðandi: *Heimilt er í reglum er háskólaráð setur að nota önnur heiti fyrir forseta skóla og formenn deilda.*

16. gr. Dómnefndir

Lagt er til að við 1. másl. 1. mgr. 16. gr. bætist við orðin „eða óska eftir framgangi eða tilflutningi á milli starfsheita“.

17. gr. Veiting starfa

Lagt er til að 1. másl. 1. mgr. 17. gr. orðist svo: *Forseti skóla veitir, í umboði rektors, tímbundin akademísk störf við skóla og stofnanir sem heyra undir skóla eða deild.*

Lagt er til að við 17. gr. bætist ný málsgrein sem verði 5. mgr. og hljóði svo: *Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar, auglýsingar um störf, umsóknir og meðferð þeirra, skipan og störf dómnefnda, framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna og tilflutning starfsmanna.*

19. gr. Réttindi og skyldur nemenda

Lagt er til að í 1. másl. 3. mgr. standi „formaður þeirrar deildar“ í stað „forseti þeirrar deildar“.

Lagt er til að í 2. másl. 3. mgr. standi „forseti skóla“ í stað „forseti“.

21. gr. Próf og prófhald

Lagt er til að 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. falli brott.

Lagt er til að nýr másl. komi á eftir 1. másl. 1. mgr. svohljóðandi: *Kennurum er ekki skylt að afhenda nemendum prófverkefni í krossaprófum sem lögð hafa verið fyrir.*

Lagt er til að í 2. málslið 3. mgr. komi orðin „formanns deildar“ í stað „viðkomandi forseta“.

23. gr. Doktorsnafnbót

Lagt er til að 2. mgr. 23. greinar verði breytt og hún orðist svo: *Háskólar hafa rétt til að veita doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar, enda uppfylli þeir skilyrði 7. gr. laga um háskóla og reglna um doktorsnám í háskólum sem settar eru með stoð í þeim. Háskólaráð setur almennar reglur um vörn slíkra doktorsritgerða.*

24. gr. Fjármögnun

Lagt er til að í 2. másl. 1. mgr. komi orðið „háskóla“ í stað orðsins „skóla“.

25. gr. Þjónustusamningar

Væntanlega á orðið „háskóla“ að standa í stað „Háskóla Íslands“ í þessari grein.

Ákvæði til bráðabirgða


Lagt er til að 2. mgr. orðist svo: „Umboð núverandi háskólaráðs Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri falla niður 1. júlí 2008.“

Lagt er til að í 1. málslið 4. mgr. verði upptalning skóla (fræðasviða) í Háskóla Íslands eftirfarandi: „Félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið, verkfræði- og náttúruvísindasvið.“

Reykjavík, 5. maí 2008

Virðingarfyllst,

f.h. Háskóla Íslands,



Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor

Greinargerð og skýringar með athugasemdum Háskóla Íslands við frumvarp til laga um opinbera háskóla (þingskjal 847 - 546. mál)

Um 1. og 2. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir.

Um 3. gr. Hlutverk

Það hlutverk sem háskóla er ætlað skv. þessari grein er í aðalatriðum í samræmi við viðtekin sjónarmið um hlutverk háskóla í lýðræðisríkjum.

Bent er á að svo virðist sem ákvæði um það hlutverk háskóla að miðla fræðslu til almennings og veita samfélaginu þjónustu hafi fallið brott úr 1. mgr. 3. gr. þar sem berum orðum er sagt í lok skýringar við 2. og 3. gr. að háskóli sinni endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðli fræðslu til almennings og veiti samfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Þetta hlutverk, sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands hefur ætíð verið rækt af Háskóla Íslands, sbr. m.a. starfrækslu Endurmenntunarstofnunar, Vísindavefnn, Háskóla unga fólksins, ráðstefnur, fundi, fjölda opinna viðburða o.s.frv.

Um 4. gr. Skipulagseiningar og rekstrarform

Í a. lið 1. mgr. segir að skipulagseiningar háskóla séu „skólar og deildir“. Gera verður ráð fyrir, sbr. lokamásl. 4. gr., að hverjum háskóla sé eftir atvikum heimilt að skipa deildum í minni faglegar skipulagseiningar, t.d. námsbrautir. Sú ályktun styðst einnig við lokamásl. 4. gr. þar sem fram kemur að heimilt sé að háskóli starfi á grundvelli annarra skipulagseininga og sömuleiðis við athugasemd við lokamálsgrein í athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins.

Í samþykktum háskólaráðs og háskólafundar Háskóla Íslands er gert ráð fyrir því að meginskipulagseiningar háskólans kallist „fræðasvið“ en ekki „skólar“. Þess vegna er lagt til að það orð verði í frumvarpinu. Samkvæmt 2. mgr. er háskóla að vísu heimilt í reglum, er háskólaráð setur, að nota önnur heiti fyrir skóla og deildir, sbr. a- lið 1. mgr., og að háskóli starfi á grundvelli annarra skipulagseininga, sem fyrr greinir.

Ennfremur er gerð er tillaga um að skólaráð geti heimilað deild að starfrækja háskólastofnun, enda er ekki ástæða til að takmarka slíka heimild við skóla.

Í 4. gr. er ekki kveðið á um að háskólaráð skuli setja reglur um skipulag almennrar stjórnsýslu háskólans, eins og ákvæði er um í 4. mgr. 2. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands. Með þeim lögum var horfið frá því fyrirkomulagi sem áður var, að lögbinda skipulag hinnar sameiginlegu stjórnsýslu skólans, þar sem hentugra þótti að breyta mætti skipulagi hennar án lagabreytingar. Hefur það enda komið á daginn. Hins vegar er mikilvægt að ákvæði sé í lögum um að háskólaráð skuli setja reglur um skipulag stjórnsýslunnar, þar sem nauðsynlegt er á hverjum tíma að það sé skýrt í reglum og sömuleiðis meginstoðir stjórnsýslu fræðasviða (skóla), deilda og stofnana.

Um 5. gr. Háskólaráð og stjórn háskóla

Í 5. gr. grein er fjallað um stjórn háskóla og hlutverk háskólaráðs og í 6. gr. um fulltrúa í háskólaráði. Nauðsynlegt er að fjalla um þessar tvær greinar í samhengi með hliðsjón af 3. gr. frumvarpsins – og reyndar einnig III. og IV. kafla þess – þar sem samsetning ráðsins hlýtur eðli máls samkvæmt að taka mið af tvennu, annars vegar hlutverki ráðsins sem stjórnar háskóla og hins vegar hlutverki og eðli starfseminnar – háskólans – sem ráðinu er falin stjórn á, sbr. ákvæði 3. gr.

Samkvæmt 5. gr. er stjórn háskóla falin háskólaráði og rektor. Hlutverk ráðsins er eftirfarandi skv. frumvarpinu:

- Það markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum.
- Það mótar skipulag háskóla.
- Það fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana.
- Það ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.
- Það fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra skóla og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð eða skóla.
- Það ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamninga sem háskóli gerir við fyrirtæki og stofnanir.
- Það hefur yfirumsjón með fyrirtækjum, sjóðum og almennum eignum háskóla.
- Það setur reglur og viðmið um ráðningu starfslíðs skóla og háskólastofnana, sbr. b- og c-lið 4.gr.

Enn fremur setur háskólaráð margvíslegar reglur um starfsemina, sbr. 4., 5., 6., 7., 8., 10., 11., 12., 13., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21., 22., 23., og 24. gr., sem birtar skulu í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 28. gr. Æskilegt kann að vera, að fram komi í þeirri grein laganna sem tíundar hlutverk háskólaráðs að ráðið setji háskólum reglur á grundvelli laganna. Gerð er tillaga um það.

Hlutverk háskólaráðsins skv. frumvarpinu, er þannig í meginatriðum hið sama og skv. 3. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands með nokkrum frávikum. Ákvæði um þróunarsjóði sem er í 3. gr. gildandi laga er í 26. gr. frumvarpsins og er ekki gerð athugasemd við það. Þá virðist að orðið „aðrar“ stofnanir 1. másl. 3. mgr. 5. gr. sé ofaukið, þar sem fyrirtæki eru ekki stofnanir. Gerð er tillaga um að það verði fellt burt.

Meginfrávikin í frumvarpinu frá gildandi lögum um Háskóla Íslands og þeim samþykktum sem háskólaráð og háskólafundur háskólans hafa gert eru tvö.

Annars vegar er stjórn háskóla skv. frumvarpinu falin háskólaráði og rektor, en ekki, eins og í gildandi lögum (2. gr.), einnig deildarfundum og deildarforsetum – og skv. tillögum háskólans nú, – einnig sviðsforsetum og stjórnnum fræðasviða (skóla). En sú tillaga háskólans ræðst af því hvernig honum verður skipað í fimm fræðasvið (skóla) sem lúta hvert um sig sérstakri stjórn og eiga hvert um sig kjörinn fulltrúa í háskólaráði. Sjá nánar hér aftar. Í IV. hluta athugasemda við frumvarpið, þar sem fjallað er um meginefni frumvarpsins og helstu markmið, er hins vegar rætt um að forseti skóla (fræðasviðs) fari með yfirstjórnarhlutverk ásamt rektor – og er það í samræmi við samþykktir háskólans um breytt skipulag. Væntanlega er því hér um ónákvæmni að ræða í framsetningu. Gerð er tillaga um að skýrt verði kveðið á um að stjórn háskóla sé falin háskólaráði, rektor, forsetum skóla og stjórnnum skóla.

Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að háskólaráð marki heildarstefnu í kennslu og rannsóknnum, en skv. gildandi lögum um Háskóla Íslands (7. gr.) er það háskólafundur sem mótar og setur fram vísinda- og menntastefnu háskólans (þ.e. heildarstefnu í kennslu og rannsóknnum) – og skv. tillögum háskólans nú, er gert ráð fyrir að svo verði áfram, að háskólafundur (-þing) verði vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar og hlutverk hans verði eftt, m.a. með því að hann fjalli í ríkara mæli um akademíska stefnumótun en verið hefur. Jafnframt verði skoðað innan háskólans að nefndir sem fara með akademísk málefni heyri undir þingið. Þess vegna er gerð tillaga um að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskóla á grundvelli stefnumótunar háskólafundar, sbr. hér aftar. Sjá einnig um 9. gr.

Áréttað er hér, að þau sjónarmið sem lágu að baki þess að efnt var til háskólafundar (-þings) að frumkvæði Háskóla Íslands með lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, eiga ekki síður við í dag en þau áttu þá. Á þeim tæpa áratug sem liðinn er hefur það komið skýrt fram í starfi háskólans. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 41/1999 voru þessi sjónarmið um stjórnun háskólans reifuð ítarlega og lögð rík áhersla á að háskólafundur, þar sem fulltrúar helstu faggreina og hópa háskólasamfélagsins eiga sæti, móti vísinda- og menntastefnu háskólans. Með þeim lögum var komið til móts við það sjónarmið háskólans að greina á milli framkvæmdastjórnar og stefnumótunar, þar sem framkvæmdastjórn og æðsta ákvörðunarvald eru falin háskólaráði, en stefnumótun háskólafundi. Markmiðið var að skjóta frekari stoðum undir lýðræði innan stofnunarinnar um leið og leitast var við að auka hagkvæmni og skilvirkni í allri stjórnsýslu. Eðli máls samkvæmt er það síðan háskólaráð, sem ber ábyrgð á framkvæmdinni. Markviss stefnumótun undanfarin ár og misseri, endurskoðun skipulags og innleiðing og framkvæmd stefnu, eru talandi dæmi um það að þetta fyrirkomulag hefur tekist vel og hæfir háskólastarfseminni.

Um 6. gr. Fulltrúar í háskólaráði

Fjallað er um fulltrúa í háskólaráði í 6. gr. og er ráðið þannig skipað skv. greininni: Rektor háskóla sem jafnframt er formaður ráðsins. Auk hans eiga sex fulltrúar sæti í háskólaráði til þriggja ára í senn:

1. Einn fulltrúi háskólasamfélagsins valinn samkvæmt ákvörðun háskólafundar.
2. Einn fulltrúi valinn af heildarsamtökum nemenda við háskólann.
3. Tveir fulltrúar valdir af menntamálaráðherra.
4. Tveir fulltrúar valdir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Hverjum fulltrúa skv. 1., 2. og 3. tölul. skal valinn varamaður. Tveir fulltrúar skv. 4. tölul. og einn sameiginlegur varamaður fyrir þá skulu valdir sameiginlega af rektor og fjórum fulltrúum skv. 1., 2. og 3. tölul. Þegar þeir hafa verið valdir til setu í ráðinu til næstu þriggja ára. Við val fulltrúa skv. 3. og 4. tölul. skal leitast við að tryggja sem víðtækasta þekkingu og reynslu háskólanum til stuðnings. Fulltrúar skv. 3. og 4. tölul. mega ekki vera starfsmenn eða nemendur háskólans. Þegar þeir fulltrúar, sem taldir eru í þessari málsgrein, hafa verið valdir telst háskólaráð fullskipað.

Háskólaráð setur nánari reglur um val á fulltrúum háskólasamfélagsins og nemenda. Leita skal umsagnar háskólafundar og heildarsamtaka nemenda háskóla áður en slíkar reglur eru settar eða þeim breytt.

Háskóli Íslands getur ekki fallist á þessa samsetningu ráðsins. Þau fjögur sjónarmið sem saman eru dregin sem forsendur þessarar skipunar ráðsins í umsögn um 6. gr. í athugasemdum við frumvarpið eiga ekkert síður – og jafnvel mun betur – við um tillögu háskólans um það hvernig háskólaráðið skuli skipað. Sjónarmiðin eru þau að háskólaráðið veiti háskóla forystu jafnt inn á við sem út á við; að ráðið geti sinnt endurskoðunar- og úrskurðarhlutverki sínu; að ráðið vinni heildarhagsmunum háskóla brautargengi; að skipan ráðsins styðji við skilvirka framkvæmdastjórn. Í því efni er vísað til fyrrgreindrar tillögu háskólans um endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands, sem samþykkt var á háskólafundi 19. október 2007 og í háskólaráði 23. október 2007 og 6. mars sl. [fylgiskjöl 3 og 4]. Áréttað er að samsetning ráðsins taki mið af hlutverki þess annars vegar og hins vegar af hlutverki og eðli starfseminnar – háskólans – sem ráðinu er falin stjórn á. Gæta verður að því að megin hlutverk og þar með verkefni háskóla eru – eins og segir í 3. gr. frumvarpsins – að sinna „kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.“

Nýlegar samþykktir Háskóla Íslands um nýtt stjórnkerfi og skipulag, þar sem stjórn skólans er falin háskólaráði, rektor, forsetum fræðasviða og stjórnnum fræðasviða (skóla), eru reistar á grundvallarforsendum lýðræðis og samráðs, sem ráðast af því hvert viðfangsefni háskóla er og sem reynst hafa Háskóla Íslands giftudrjúgar í gegnum tíðina. Með þeim telur háskólinn sig mjög vel í stakk búinn til að framkvæma þá stefnu sem hann hefur mótað og að rækja enn betur hlutverk sitt sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Samkvæmt tillögum háskólans er fulltrúum í ráðinu fjölgað um einn, úr 10 í 11, og jafnframt lögð til breyting á því fyrir hvaða aðila þeir eru fulltrúar. Þannig er utanaðkomandi fulltrúum fjölgað úr tveimur í þrjá og þeir valdir, líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, af háskólaráðinu sjálfu. Fulltrúum fræðasviða er fjölgað um einn, úr 4 í 5, og ræðst það af þeim breytingum á skipulagi og stjórnkerfi sem háskólinn hefur samþykkt og frumvarpið rennir lagastoð undir. Fulltrúar stúdenta eru áfram tveir en fulltrúi samtaka kennara verður ekki lengur með sæti í ráðinu.

Háskóli Íslands leggur til við Alþingi að fallist verði á það fyrirkomulag um skipan háskólaráðsins sem háskólinn leggur til og rík samstaða er um innan háskólans. Þar tekur skipan ráðsins mið af hlutverki þess og hlutverki og eðli háskólastarfseminnar sem ráðinu er falin stjórn á. Samkvæmt tillögu háskólans geta fulltrúar í háskólaráði verið flestir 11 og fæstir 7 og ræðst mismunurinn af fjölda fræðasviða háskóla. Með því yrði skipan ráðsins betur sniðin að ólíkum háskólum að stærð, umfangi starfsemi og viðfangsefnum, sem lögunum er ætlað að taka til.

Um 7. gr. Fundir háskólaráðs

Tillögur háskólans að breytingum eru gerðar í samræmi við umsögn um 6. gr. og tillögu Háskóla Íslands um skipan háskólaráðs.

Um 8. gr. Háskólarektor

Ekki er gerð athugasemd við meginefni greinarinnar, en mikilvægt er að við hana verði bætt ákvæði um hæfi þess sem heimilt er að skipa rektor og að hann verði ekki leystur frá störfum án samþykkis háskólaráðs, sbr. 4. og 5. mgr. 6. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands. Hlutverk rektors skv. frumvarpinu er hið sama og skv. gildandi lögum og tillögum háskólans nú. Þá er það í samræmi við tillögur háskólans að rektor skuli tilnefndur að undangengnum kosningum innan háskólans, en skv. ákvæði 1. mgr. er það heimilt.

Um 9. gr. Háskólafundur

Í 1. mgr. 5. gr. segir að háskólaráð marki heildarstefnu háskóla í kennslu og rannsóknum. Í 9. gr. (um hlutverk háskólafundar) segir að háskólafundur „fjallar um og tekur þátt í“ að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Fram kemur í skýringu við 9. gr. að hlutverk háskólafundar sé ráðgefandi og bundið við stefnumörkun fyrir háskólann í heild. Þar er jafnframt fullyrt að ákvæði 9. gr. um háskólafundinn taki mið af því hvernig háskólafundur hefur þróast á vettvangi Háskóla Íslands frá árinu 1999. Þetta kemur ekki alveg heim og saman við veruleikann. Bent er á í þessu samhengi að skv. 7. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands mótar háskólafundur og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Hér er nokkur munur á og í reynd er dregið úr sjálfstæði og þar með vægi fundarins og það færð til háskólaráðs, skv. frumvarpinu. Ekki eru færð fram rök fyrir þessari breytingu. Sjá einnig athugasemd við 5. gr.

Um 10. gr. Fulltrúar á háskólafundum

Í 1. másl. 1. mgr. gætir ónákvæmni í upptalningu þeirra sem sæti eiga á fundinum (þinginu) þar sem orðið „skóla“ á (væntanlega) að koma á eftir orðinu „forsetar“.

Ekki er kveðið á um með jafn nákvæmum hætti og í gildandi lögum um Háskóla Íslands (8. gr.) hvernig fjöldi annarra fulltrúa kennara og sérfræðinga skóla (fræðasviða/deilda) og stofnana en þeirra sem upp eru taldir í 1. másl. 1. mgr. er ákveðinn. Í samþykktum Háskóla Íslands er það enda ekki útfært og eðlilegt að það sé ákveðið í reglum af hverjum háskóla, eins og kveðið er á um í 1. másl. 3. mgr. Mikilvægt er að skipan fundarins (þingsins) verður að ráðast af hlutverki hans og tilgangi. Gerð er athugasemd við ákvæði 2. másl. 3. mgr. að það skuli vera háskólaráð, en ekki háskólafundurinn (-þingið) sjálfur, sem setur nánari reglur um skipan og fundarsköp háskólafundar (-þings), þ.m.t. reglur um kosningu og setu fulltrúa annarra stofnana og samtaka á háskólafundum, en þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. og um atkvæðisrétt þeirra. Í 4. mgr. 8. gr. gildandi laga um Háskóla Íslands er kveðið á um að það sé háskólafundurinn sjálfur sem setur þessar reglur. Ekki verður séð hver rök mæla með slíkri breytingu sem dregur úr sjálfstæði fundarins.

Um 11. gr. Skólar og stofnanir

Eins og fram kemur í umsögn um 4. gr. hér að framan telur Háskóli Íslands mikilvægt að heimilt sé að háskóli starfi á grundvelli annarra skipulagseininga, en þeirra sem þar eru taldar, skólar og deildir, þar sem háskólinn hefur valið að nota orðið „fræðasvið“ fyrir „skóla“, sbr. samþykktir háskólans um skipulag og stjórnkerfi – og sömuleiðis að nota orðið háskólaþing fyrir háskólafund, sbr. umfjöllun um 9. gr.

Efni 11. gr. er í samræmi við efni tillagana háskólans og er að því leyti mikilvæg að með ákvæðum 11. gr. – og 4. og 12. gr. – fæst lagastoð fyrir þeim skipulagsbreytingum sem háskólinn hefur samþykkt.

Í 1. másl. 1. mgr. er gerður greinarmunur á skólum sem „megineiningum“ og deildum sem „grunneiningum“. Skýrara er að tala hér um skóla (fræðasvið) sem „meginskipulagseiningar“ háskóla, sbr. heiti og upphafsmálslið 4. gr. og önnur efnisatriði frumvarpsins.

Í 2. másl. 1. mgr. segir að háskólaráð ákvarði hlutverk, mörk og verkaskiptingu skóla. Hugtakið mörk hefur enga þýðingu hér, þar sem verkaskipting á milli skóla er ekki önnur en sú sem felst í aðgreiningu skóla (fræðasviða). Þá gætir ónákvæmni í notkun hugtaka í lok 2. másl. 1. mgr., orðið reglugerð er þar notað í stað orðsins reglur. Ekki þarf að skýra út hver munur er þar á.

Um 12. gr. Forsetar skóla og deildarformenn

Eins og fram er komið hefur háskólinn valið að nota orðið „fræðasvið“ fyrir „skóla“, sbr. samþykktir háskólans um skipulag og stjórnkerfi. Sömuleiðis gera samþykktir háskólans ráð fyrir að í stað heitisins „deildarformaður“ verði notað orðið „deildarforseti“. Heimild til þess er að finna í 2. málsl. 15. gr. frumvarpsins, sem þó er gerð tillaga um að verði skýrari til að taka af öll tvímæli.

Efni 12. gr. er að hluta til í samræmi við efni tillagna háskólans og er að því leyti mikilvægt að með henni – og 4. og 11. gr. – fáiast lagastoð fyrir þeim skipulagsbreytingum sem háskólinn hefur samþykkt. Í samþykktum háskólans er gert ráð fyrir að forsetar séu ráðnir af rektor að undangenginni auglýsingu og að fenginni umsögn valnefndar fræðasviðs (skóla), sem rektor á fulltrúa í, og jafnframt eru sett tiltekin hæfisskilyrði fyrir forseta fræðasviðs. Háskólinn leggur til að háskólaráði verði heimilað að setja nánari reglur um fyrirkomulag ráðningar forseta skóla, sem geti t.d. falið í sér ákvæði um valnefnd.

Varðandi val deildarformanns gera samþykktir háskólans ráð fyrir því að hann verði kjörinn af deildarfundum. Því leggur háskólinn til að háskólaráð setji reglur um val deildarformanns og einnig um kjörtímabil hans, eins og verið hefur.

Vakin er athygli á því að í frumvarpstextanum er ekki fjallað um hæfisskilyrði forseta skóla. Reyndar er í athugasemdum við lagafrumvarpið, þar sem fjallað er um 12. gr., berum orðum sagt að sú leið sé farin í frumvarpinu að forsetar skuli uppfylla almenn hæfisskilyrði prófessora samkvæmt lögum, eins og það er orðað. Þetta efnisatriði virðist því hafa fallið út úr sjálfri frumvarpsgreininni.

Nauðsynlegt er að skilgreina betur hlutverk forseta skóla (fræðasviðs) í þessari grein. Samkvæmt tillögum háskólans er hann akademískur leiðtogi skóla, formaður stjórnar og fer með vald stjórnar á milli funda. Hann hefur frumkvæði að því að útfæra stefnu háskólans á vettvangi skólans (fræðasviðsins), efla liðsheild og styrkja samstarf á milli deilda. Hann ber ábyrgð á fjármálum og rekstri skóla (fræðasviðs) og þeirra stofnana sem undir hann heyra, starfsmannamálum og gæðum kennslu, rannsókna, stjórnsýslu og stoðþjónustu og annarrar starfsemi skólans.

Um 13. gr. Skólaráð

Ákvæði um skólaráð þurfa að mati háskólans að vera skýrari. Samkvæmt samþykktum háskólans fjallar skólaráð (stjórn fræðasviðs) um sameiginleg málefni skólans (sviðsins) og hefur eftirlit með fjármálum, rekstri og gæðum starfseminnar. Það staðfestir ákvörðun deilda um námsframboð, m.a. með hliðsjón af faglegri samþættingu námsframboðs í skólanum (á fræðasviðinu) og fjárhagslegum sjónarmiðum. Gert er ráð fyrir að Háskóli Íslands muni kalla skólaráðið stjórn fræðasviðs, sbr. samþykktir háskólans.

Um 14. gr. Skólafundir

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa grein. Háskóli Íslands mun kalla skólafundina þing fræðasviðs, sbr. samþykktir háskólans.

Um 15. gr. Starfsheiti

Í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. er kveðið á um að starfsheiti kennara við háskóla skulu vera prófessor, dósent, lektor og adjunkt og í 2. málsl. 1. mgr. segir að háskólaráð geti sett nánari reglur um þessi og önnur starfsheiti sem það ákveður að nota. Þannig getur háskólaráð t.d.

ákveðið að nota starfsheitin sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður. Sá skilningur er sömuleiðis lagður í 2. másl. að Háskóli Íslands geti t.d. notað orðið „deildarforseti“ fyrir „deildarformaður“, sbr. samþykktir háskólans um skipulag og stjórnkerfi. Til að taka af öll tvímæli um það er þó lagt til að það verði orðið skýrt í lagatextanum. Til samanburðar er vísað til 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem skýrt er kveðið á um að háskóla sé heimilt í reglum, er háskólaráð setur, að nota önnur heiti fyrir skóla og deildir, sbr. a- lið 1. mgr. þeirrar greinar.

Um 16. gr. Dómnefndir

Sömu sjónarmið um hæfi gilda um framgang og tilflutning á milli starfa og um nýráðningar. Því er tillagan gerð og er það í samræmi við viðtekin vinnubrögð innan háskólans.

Um 17. gr. Veiting starfa

Sem forstöðumaður stofnunar getur rektor einn ráðið í störf við háskóla, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1996. Í samræmi við það er í 8. gr. frumvarpsins skýrt kveðið á um að rektor beri ábyrgð á ráðningu starfsfólks. Nauðsynlegt er að orða nákvæmar 1. másl. 1. mgr. og kveða þar skýrt á um að forseti skóla veitir störf í umboði rektors. Ákvæði 3. másl. er ekki nægilegt um afmörkun umboðs að þessu leyti. Tillögur háskólans gera ráð fyrir að forseti taki ákvörðun um tímabundna ráðningu akademískra starfsmanna á grundvelli tillögu valnefndar, en rektor ákveði um ótímabundna ráðningu og framgang akademískra starfsmanna.

Um 18. gr. Innritun

Engar athugasemdir.

Um 19. gr. Réttindi og skyldur nemenda

Í ákvæðinu er óljóst hvort átt er við formann deildar eða forseta skóla. Eðlilegt er að formaður þeirrar deildar sem viðkomandi nemandi stundar nám við fjalli um agabrot sem upp kunna að koma. Þurfi að beita viðurlögum er á hliðstæðan hátt rökrétt að sú ákvörðun sé tekin af forseta skóla. Brottrestur nemanda vegna agabrots er ákvörðun af því tagi að eðlilegt er að hún sé tekin af forseta skóla.

Um 20. gr. Kennsla og kennsluhættir

Engar athugasemdir.

Um 21. gr. Próf og prófhald

1. másl. 1. mgr. kveður á um að háskólaráð skuli setja reglur um prófhald. Óþarft er að festa þetta frekar í lög.

Háskóli Íslands gerir einnig tillögu um að kennurum skuli ekki vera skylt að afhenda nemendum prófverkefni í krossaprófum sem lögð hafa verið fyrir. Kennarar munu að sjálfsögðu eftir sem áður kynna fyrir nemendum uppbyggingu prófa og gefa dæmi um mögulegar spurningar.

Tillaga háskólans ræðst af því að hinn 23. mars 1999 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp úrskurð í málinu nr. A-73/1999 vegna meðferðar læknadeildar Háskóla Íslands á beiðnum tiltekinna nemenda um aðgang að nánar tilteknum prófum í deildinni á árunum 1990 til 1998. Þessi úrskurður hefur gert skólanum skylt, ef um er beðið, að afhenda prófverkefni í krossaprófum sem lögð hafa verið fyrir og þar með bakað kennurum óþörf vandkvæði. Þetta á við í flestum deildum skólans. Mikil vinna liggur að baki samningu slíkra prófa og einstakar spurningar eru notaðar aftur og aftur. Tölfræðileg greining er notuð til þess að ákvarða gæði

einstakra spurninga og endurbæta þær. Kennari kemur sér þannig upp miklum fjölda vandaðra spurninga (spurningabanka), úr vel afmörkuðu námsefni og síðan er valinn úr þeim tiltekinn fjöldi spurninga í hvert skipti sem prófað er í námsefninu. Slíkt próf verða þýðingarlaus og ná ekki tilgangi sínum, ef allar spurningarnar eru á almanna vitorði. Gífurleg frumvinna verður þá að eiga sér stað í hvert skipti sem leggja á fyrir slíkt próf og hætt er við að nýju spurningarnar hafi ekki verið gæðaprófaðar fyrirfram. Sífellt nýjar spurningar framkalla þannig lélegra próf en góð blanda af gömlum spurningum og nýjum. Þá má í þessu samhengi nefna sem dæmi að er læknadeild tók upp inntökupróf í deildina var keypt sérhæft greiningarpróf frá Bretlandi sem lagt var fyrir nemendur, en niðurstöður þess voru ekki notaðar þar sem réttahafar prófsins settu það skilyrði að óheimilt væri að veita aðgang að prófum sem lögð hefðu verið fyrir.

Lagt er til að í 2. mgr. komi orðið „háskóla“ í stað orðsins „skóla“.

Lagt er til að nýr málsliður komi á eftir 1. málslið 1. mgr. svohljóðandi: Kennurum er ekki skylt að afhenda nemendum prófverkefni í krossaprófum sem lögð hafa verið fyrir.

Um 22. gr. Prófgráður

Engar athugasemdir.

Um 23. gr. Doktorsnafnbót

Í 2. mgr. er kveðið á um að háskólar hafi rétt til að veita doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar að háskólaráð setji almennar reglur um vörn slíkra ritgerða. Sú athugasemd er gerð að skv. 3. mgr. 7. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 skulu háskólar leita heimildar menntamálaráðherra til að bjóða nám til doktorsprófs. Skal sýnt fram á að viðkomandi háskóli uppfylli viðeigandi kröfur og skilyrði sem tilgreind eru í reglum um doktorsnám í háskólum. Samkvæmt lagagreininni skipar menntamálaráðherra þrjá óháða og sérfróða einstaklinga í nefnd er veitir umsögn um hæfi háskóla til að veita doktorsgráður. Í reglum nr. 37/2007 um doktorsnám í háskólum eru tilgreind margvísleg skilyrði sem háskólar verða að uppfylla til þess að ráðherra geti heimilað þeim að bjóða upp á doktorsnám. Af eðli máls leiðir að sömu kröfur og skilyrði hljóta að eiga við um háskóla sem getur veitt doktorsnafnbót með vörn sérstakrar doktorsritgerðar. Í athugasemd við greinina í frumvarpinu er ekkert vikið að þessu, einungis rætt um doktorsnafnbót í heiðursskyni, sbr. 1. mgr.

Um 24. gr. Fjármögnun

Í 2. másl. 1. mgr. er notað orðið „hvers skóla“ þar sem hlýtur að eiga að standa „hvers háskóla“.

Um 25. gr. Þjónustusamningar

Væntanlega á orðið „háskóla“ að standa í stað „Háskóla Íslands“ í þessari grein. Eða er þessu ákvæði einungis ætlað að eiga við hann?

Um 26. gr. Önnur viðfangsefni og starfsemi

Engar athugasemdir.

Um 27. gr. Ársfundur

Engar athugasemdir.

Um 28. gr. Birting reglna og kennsluskrár

Engar athugasemdir.

Um 29. gr. Gildistaka
Engar athugasemdir.

Um ákvæði til bráðabirgða

Orðalag ákvæðisins er ekki nægilega skýrt. Ljóst er að núverandi háskólaráð verður að starfa til 1. júlí 2008 þegar nýtt háskólaráð tekur við verði frumvarpið að lögum. Þá er lagt til að heitum fræðasviða við Háskóla Íslands verði breytt til samræmis við samþykktir háskólaráðs.

Háskóli Íslands, 5. maí 2008

Fylgiskjal 2

Stefna Háskóla Íslands 2006-2011

Sjá:

www.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1009251/Stefna+H%C3%A1sk%C3%B3la+%C3%8Dslands+2006-2011.pdf

Bæklingur fylgir með umsögn þessari.

Lokatillögur starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands

Samþykktar á háskólafundi 19. október 2007 og í háskólaráði 23. október 2007

I. Inngangur

Háskóli Íslands hefur sett sér metnaðarfullt markmið um að komast í röð fremstu háskóla í heiminum. Til að ná þessu markmiði hyggst Háskólinn efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið, veita nemendum framúrskarandi kennslu og stórefla stjórnun og stoðþjónustu. Stefna Háskóla Íslands 2006-2011 kveður á um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands sem hluta aðgerðaáætlunar til að ná heildarmarkmiðum skólans. Í því skyni skipaði háskólaráð 7. september 2006 starfshóp sem skila átti tillögum fyrir mitt ár 2007.

Í starfshópnum áttu sæti eftirtaldir einstaklingar:

- Ólafur Þ. Harðarson, prófessor við félagsvísindadeild og varaforseti háskólaráðs, formaður,
- Inga Jóna Þórðardóttir, viðskiptafræðingur og fulltrúi þjóðlífs í háskólaráði,
- Jón Atli Benediktsson, prófessor í verkfræðideild, þróunarstjóri HÍ og aðstoðarmaður rektors,
- Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands,
- Róbert H. Haraldsson, dósent og varaforseti hugvísindadeildar,
- Rögnvaldur Ólafsson, dósent í raunvísindadeild,
- Sigurður Örn Hilmarsson, fyrrverandi formaður Stúdentaráðs,
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor í lyfjafræðideild og fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs í háskólaráði,
- með starfshópnum unnu Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild, Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri HÍ, Steinunn Halldórsdóttir, verkefnisstjóri sameiningar HÍ og KHÍ og Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs.

Tillögur starfshópsins sem hér eru kynntar eiga að stuðla að því að Háskóli Íslands nái ofangreindum stefnumiðum sínum. Tillögurnar miða að því að styrkja grunneiningar og gera þær faglega öflugri, efla stoðþjónustu við kennara, efla þjónustu við nemendur, færa framkvæmdavald nær grasrót í samræmi við svokallaða grenndarreglu (e. *subsidiarity principle*), styrkja stjórnsýslu og gera hana skilvirkari. Þær eiga jafnframt að gera Háskóla Íslands kleift að ná markmiðum sínum í breyttu umhverfi þar sem samkeppni fer vaxandi við erlenda og innlenda skóla um fjármagn,

nemendur, kennara, verkefni og aðstöðu – og þar sem aukin tengsl við atvinnulíf og alþjóðlegar vísindastofnanir og háskóla ráða úrslitum um árangur.

Hópurinn hefur starfað frá byrjun september 2006 og sett fram hugmyndir sem ræddar hafa verið á fjölmörgum fundum í háskólasamfélaginu, m.a. fjórum háskólafundum, nokkrum fundum háskólaráðs, fimm opnum fundum með starfsmönnum allra fræðasviða Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, auk funda með einstökum deildum og skorum, deildarforsetum, skorarformönnum, starfsmönnum einstakra greina, starfsfólki í stjórnsýslu og erlendum sérfræðingum og stúdentum. Einnig hefur rektor fundað um málið með einstökum deildum og skorum, Félagi prófessora og Félagi háskólakennara, auk annarra hagsmunaaðila. Allar deildir Háskólans, Kennaraháskóli Íslands og félög starfsmanna og stúdentna hafa í haust fjallað um tillögur starfshópsins og skilað formlegum umsögnum um þær. Þá hefur starfshópurinn byggt á fjölmörgum innlendum og erlendum úttektum á starfi Háskóla Íslands undanfarin ár, sem hafa almennt verið jákvæðar en þó gert mikilvægar athugasemdir við stjórnkerfi Háskóla Íslands og bent á alvarlegan skort á stoðþjónustu við kennara og nemendur innan skólans. Síðast kom fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um nám í íslenskum háskólum í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði að Háskóli Íslands stendur öðrum íslenskum háskólum framar á flestum sviðum. Jafnframt kom fram að þjónustu hans við nemendur þarf að bæta verulega og draga úr brotthvarfi úr námi. Með framangreindu vinnuferli hefur verið tryggt að endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands byggi á umfangsmiklu starfi hópsins og viðtæku samráðsferli innan alls háskólasamfélagsins.

Lagt er til að sú leið verði farin að efla það stjórnunarlag sem kennt er við *fræðasvið* í núverandi stjórnkerfi Háskóla Íslands. Fjögur fræðasvið hafa átt hvert sinn fulltrúa í háskólaráði, fjármálanefnd, dómnefndum og ýmsum öðrum sameiginlegum nefndum Háskólans, auk margvíslegra rannsóknasjóða. Fræðasviðin hafa þannig langa reynslu af umtalsverðri samvinnu. Lagt er til að Kennaraháskóli Íslands myndi að stofni til fimmta fræðasviðið, Menntavísindasvið.

Kjarni tillagnanna er efling grunneininga, dreifing valds, styrkari forysta á öllum stjórnstigum og stórefld stoðþjónusta. Tillögurnar fela m.a. í sér eftirfarandi grundvallaratriði:

1. Tengsl rektors við grunneiningar eru styrkt. Ýmis verkefni rektors og yfirstjórnar eru falin fræðasviðunum fimm og forsetum þeirra. Endanlegt vald í tilteknum málum, s.s. í tengslum við nýráðningar, starfsmannamál, fjármál og fagleg málefni, eru flutt frá rektor og yfirstjórn til forseta fræðasviða. Þetta styttir boðleiðir frá endanlegu valdi til grunneininga.
2. *Deildir* eru faglegar grunneiningar Háskóla Íslands og bera ábyrgð á kennslu og rannsóknum. Forysta deilda er eflað með skýrri verkaskiptingu á milli deildarforseta, deildarráða og deildarfunda. Deild hefur æðsta vald um fagleg málefni og forseti deildar er kjörinn af deildarfundi eins og nú er. Nemendur brautskrást frá deildum. Deildir geta sett á fót faglegar skipulagseiningar (e. *departments*) í samræmi við almennar reglur Háskóla Íslands.

3. Sameiginleg stoðþjónusta er eflð og hluti hennar færður frá yfirstjórn til fræðasviða og deilda. Öll fræðasvið munu njóta verulega aukinnar stoðþjónustu. Gerður er greinarmunur á stoðþjónustu og stjórnsýslu, þar sem megináhersla er lögð á eflingu stoðþjónustu í sérstökum þjónustukjörnum á vettvangi fræðasviða. Skipting stoðþjónustu á milli fræðasviða og deilda ræðst af stærð og styrk deilda.
4. Tengsl yfirstjórnar og fræðasviða verða eflð með *forsetanefnd*. Fimm forsetar fræðasviða vinna náð með rektor í forsetanefnd og mynda öfluga og skilvirka starfseiningu. Forsetanefnd gerir fræðasviðunum auðveldara að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirstjórn Háskólans. Jafnframt á hvert fræðasvið kjörinn fulltrúa akademískra starfsmanna í háskólaráði.
5. Komið er á *stjórn fræðasviðs* sem samhæfir starf deilda innan sviðsins og tengir það með virkum hætti við yfirstjórn Háskóla Íslands. Stjórnin er sameiginlegur vettvangur forseta fræðasviðs, forseta deilda á sviðinu og fulltrúa stúdenta. Fulltrúi sviðsins í háskólaráði situr fundi stjórnarinnar án atkvæðisréttar.
6. Nýtt stjórnkerfi auðveldar þverfræðilegt samstarf á milli eininga skólans, m.a. með Miðstöð framhaldsnáms, sameiginlegum ráðningum (e. *joint appointments*) og nánara samstarfi rannsóknastofnanna.
7. Nýtt stjórnkerfi auðveldar grunneiningum að ná markmiðum sínum í kennslu og rannsóknum í umhverfi sem gerir sífellt auknar kröfur um árangur og gæði. Mælanlegur árangur hefur vaxandi áhrif á þær tekjur sem grunneiningar geta aflað sér. Nýtt stjórnkerfi auðveldar grunneiningum að bregðast við auknum kröfum vísindasamfélags og atvinnulífs.

Forsenda umbótanna eru stórauknar tekjur Háskóla Íslands á komandi árum. Samningur Háskóla Íslands við menntamálaráðuneytið í upphafi þessa árs um viðbótarfjármagn til uppbyggingar kennslu, rannsókna og framhaldsnáms er stórt skref í þá átt. Auk þess gerir stefna Háskóla Íslands 2006-2011 ráð fyrir verulegri aukningu sértekna. Þá þarf Háskólinn að leita heimilda til að fá aukinn sveigjanleika í rekstri, stjórnun og starfsmannamálum.

Undanfarin ár hafa margir háskólar í nágrennalöndum okkar farið í gegnum hliðstæða endurskipulagningu á stjórnkerfi sínu. Víðast hvar hefur breytingarferlinu verið stýrt að utan með stjórnvaldsákvörðunum, en Háskóli Íslands hefur sjálfur haft frumkvæði að því að leiða breytingarnar sem lið í að framkvæma stefnu sína og ná því markmiði að komast í röð fremstu háskóla í heiminum.

II. Umsagnir og bókun háskólaráðs

Í byrjun júlí sl. sendi starfshópur háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands deildum, Kennaraháskóla Íslands og félögum starfsfólks og stúdenta endurskoðaðar tillögur til formlegrar umsagnar og skiluðu allir þessir aðilar umsögnum fyrir 17. september sl. Á fundi háskólaráðs 20. september sl. var fjallað um umsagnirnar og gerði ráðið eftirfarandi samþykkt á grundvelli þeirra:

„Háskólaráð er samþykkt þeirri tillögu starfshópsins að Háskóla Íslands verði skipað í fimm fræðasvið sem hvert um sig skiptist í nokkrar deildir, eins og tillögur starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands gera ráð fyrir. Með þessum hætti gefst mikilvægt tækifæri til að styrkja skólann faglega, efla stoðþjónustu svo um munar, bæði gagnvart kennurum og stúdentum, og til að styrkja samkeppnisstöðu Háskóla Íslands í heild. Háskólaráð þakkar umsagnaraðilum fyrir vandaða umfjöllun og málefnalegar ábendingar og athugasemdir. Almennt eru deildir samþykkar skiptingu Háskólans í fimm fræðasvið nema lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild.

1. Háskólaráð felur rektor að ræða við forseta lagadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar fyrir útsendingardag lokatillagna starfshópsins til fulltrúa á háskólafundi 12. október nk.
2. Ráðið felur rektor ásamt formanni starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands að ganga frá lokatillögum fyrir háskólafund og háskólaráð með hliðsjón af þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa. Sérstaklega skal hugað að eftirtöldum atriðum:
 - 2.1 Að skýra valdmörk á milli (a.) yfirstjórnar og fræðasviða, (b.) fræðasviða og deilda og (c.) deilda og námsgreina. Í þessu sambandi skal einnig hugað að stöðu rannsóknastofnana.
 - 2.2 Að skýra skipulag og verkaskiptingu á sviði stoðþjónustu og stjórnsýslu. Í þessu sambandi skal einnig hugað að stoðþjónustu á vettvangi rannsóknastofnana.
 - 2.3 Að skýra hæfniskröfur og val á stjórnendum.
 - 2.4 Að skýra hvernig staðið verði að skiptingu fjármuna.
 - 2.5 Helstu hugtökum og heitum í hinu nýja skipulagi.
 - 2.6 Verk- og tímaáætlun um innleiðingu nýs skipulags og stjórnkerfis, þ.m.t. skiptingu fræðasviða í deildir.”

Í kjölfar samþykktar háskólaráðs fóru rektor og formaður starfshópsins yfir tillögurnar og gerðu á þeim breytingar í samræmi við samþykktina og framkomnar umsagnir. Í þeim lokatillögum sem birtar eru í III. og IV. kafla hér að aftan er að finna nánari skýringar á helstu breytingum þar sem við á.

Mörg sjónarmið hafa komið fram um notkun hugtaka og heita í endurskoðuðu skipulagi og stjórnkerfi Háskólans. Að vandlega athuguðu máli er lagt til að hinar fimm stjórnunarlegu grunneiningar Háskóla Íslands beri heitin „fræðasvið“ og að þær skiptist í nokkrar „deildir“. Einnig er lagt til að æðsti stjórnandi fræðasviðs beri starfsheitið „forseti fræðasviðs“ og stjórnandi deildar heiti „forseti deildar“. Gert er ráð fyrir að deildir geti sett á fót faglegar skipulagseiningar í samræmi við almennar reglur Háskóla Íslands. Þá er lagt til að fjölskipuð stjórn fræðasviðs heiti „stjórn fræðasviðs“.

III. Tillaga að skiptingu Háskóla Íslands í fimm fræðasvið

Eftirfarandi tillaga lýsir skiptingu Háskóla Íslands í fimm fræðasvið. Tillagan byggir m.a. á sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands sem tekur formlega gildi 1. júlí 2008. Starfshópurinn hefur m.a. tekið mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með lögum um sameiningu skólanna. Tilteknar eru núverandi deildir sem samkvæmt tillögunni mynda fræðasvið, en ekki er tekin afstaða til væntanlegrar skiptingar fræðasviða í deildir. Gert er ráð fyrir því að þær einingar sem mynda fræðasvið setji fram tillögur um deildaskiptingu fræðasviðs skv. verk- og tímaáætlun í V. kafla hér að aftan. Við deildaskiptingu verði m.a. tekið mið af þáttum á borð við fjölda nemenda í grunn- og framhaldsnámi, fjölda kennara og annarra starfsmanna, hlutfall prófessora af heildarfjölda kennara, rannsóknámsvifum, umfangi doktorsnáms og styrk og sérstöðu viðkomandi fræðasviðs. Verkaskipting á milli fræðasviðs og deildar ræðst m.a. af stærð og styrk deildar. Fræðasvið og deildir hafa með höndum mótun innra skipulags síns, innan þeirra marka sem sett eru í lögum og reglum.

Tillaga að skiptingu núverandi eininga í fimm fræðasvið

Gert er ráð fyrir að þær einingar sem mynda fræðasvið setji fram tillögu um deildaskiptingu sviðsins í samræmi við verk- og tímaáætlun í V. kafla hér að aftan.

Félagsvísinda-, laga- og viðskiptasvið¹

Félagsvísindadeild (án sálfræði)

Lagadeild

Viðskipta- og hagfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið

Hjúkrunarfræðideild

Lyfjafræðideild

Læknadeild

Tannlæknadeild

Ásamt:

Matvæla- og næringarfræði

Sálfræði

Hugvísindasvið

Guðfræðideild

Hugvísindadeild

Verkfræði- og raunvísindasvið²

Raunvísindadeild (án matvæla- og næringarfr.)

Verkfræðideild

Menntavísindasvið³

Kennaraháskóli Íslands

Fjöldi deilda á fræðasviði

Tillögurnar um stjórnkerfið hér að neðan gera ráð fyrir öflugum deildum og er því miðað við að á hverju fræðasviði starfi ekki fleiri en **fjórar til sex deildir**.

¹ Endanlegt heiti varð félagsvísindasvið.

² Endanlegt heiti varð verkfræði- og náttúruvísindasvið.

³ Verkefnisstjórn sameiningar KHÍ og HÍ hefur skipað sérstakan starfshóp sem hefur m.a. það verkefni að gera tillögu um tengsl kennslufræði og uppeldis- og menntunarfræði í félagsvísindadeild HÍ annars vegar og hins nýja Menntavísindasviðs hins vegar sem og um tengsl kennaramenntunar við faggreinar á öðrum fræðasviðum sameinaðs háskóla.

IV. Tillaga að stjórnkerfi í tengslum við nýtt skipulag Háskóla Íslands

Hlutverk og markmið Háskóla Íslands

Hlutverk Háskóla Íslands er að vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu. Háskóli Íslands sinnir endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi, miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og reglum er gilda um skólann. Markmið hans eru sett fram í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Í samningi menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um kennslu og rannsóknir er að miklu leyti byggt á stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 og stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs. Samningurinn er tengdur árangri og gæðum og rennir traustum fjárhagslegum stöðum undir framkvæmd stefnunnar.

1. Stjórn Háskóla Íslands

Í þessum tillögum er háskólaráði, háskólarektor, forsetum fræðasviða, stjórnnum fræðasviða og deildum falin stjórn Háskóla Íslands. Í tengslum við stjórnun Háskólans er efnt til sameiginlegs háskólaþings og þings fræðasviða.

Háskólinn skiptist í fræðasvið og innan hvers fræðasviðs eru deildir, sem eru faglegar grunneiningar sviðsins, þar sem fram fara kennsla og rannsóknir. Fræðasvið og deildir bera ábyrgð á fjárhagslegum og akademískum málefnum. Við fræðasvið og deildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir.

Verkefni í daglegri stjórnun Háskóla Íslands skiptast á milli yfirstjórnar Háskólans, fræðasviða og deilda. Meginmarkmið verkaskiptingarinnar er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að tryggja og samræma gæði í Háskóla Íslands. Í öðru lagi að nýta styrk Háskólans og hagkvæmni sameiginlegs rekstrar og í þriðja lagi að tryggja skilvirka ákvarðanatöku og framgang mála á fræðasviðum og deildum með eflingu þeirra innan Háskólans.

1.1 Háskólaráð

1.1.1 Val, samsetning, formaður

Háskólaráð er skipað 11 fulltrúum sem hér segir: Rektor, sem er formaður, fimm fulltrúum fræðasviða Háskólans (Félagsvísinda-, laga- og viðskiptasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Hugvísindasviði, Menntavísindasviði, og Verkfræði- og raunvísindasviði), sem kjörnir eru af akademískum starfsmönnum á viðkomandi fræðasviði, tveimur fulltrúum stúdenta og þremur utanaðkomandi fulltrúum sem tilnefndir eru af fráfarandi háskólaráði og skipaðir af menntamálaráðherra. Forsetar fræðasviða eru ekki kjörgengir til setu í háskólaráði. Fulltrúar í háskólaráði, aðrir en rektor, eru skipaðir til tveggja ára í senn.

1.1.2 Hlutverk

Hlutverk háskólaráðs er í aðalatriðum óbreytt, þ.e. ráðið fer með æðsta ákvörðunarvald innan Háskólans, setur reglur, mótast stefnu skólans, fer með samningsumboð gagnvart ríkisvaldinu og tekur ákvarðanir um skiptingu fjár á milli fræðasviða og deilda annars vegar og sameiginlegrar yfirstjórnar hins vegar. Sá hluti fjárens sem rennur til fræðasviða skiptist í framlög til deilda og framlag til sameiginlegra verkefna fræðasviðs. Sameiginleg verkefni fræðasviðs eru stjórnsýsla, stoðþjónusta og þróunarsjóður. Háskólaráð tryggir hverju

fræðasviði árlegt framlag í þróunarsjóð, en forseti fræðasviðs stýrir öflun viðbótarfjár til sjóðsins. Við útdeilingu fjárveitinga til fræðasviða og deilda vegna rannsókna og kennslu noti háskólaráð gagnsætt deililíkan sem m.a. byggist á árangri deilda. Framlag háskólaráðs til sameiginlegra verkefna fræðasviða byggir m.a. á stærð og umfangi þeirra. Skipting fjár almennt byggist einnig á stefnu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og samningi milli Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins og öðrum sjónarmiðum sem háskólaráð ákveður. Tryggt verður að faglegar grunneiningar skólans njóti a.m.k. sambærilegra fjárveitinga í nýju skipulagi og þær hafa samkvæmt núverandi deililíkani. Jafnframt afla deildir sértekna sem þær hafa ráðstöfunarrétt yfir.

Skýring:

Brugðist er við liðum 2.1 og 2.4 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. 2007. Útskýrt er betur hvernig staðið er að skiptingu fjármuna og hvað átt er við með sameiginlegum verkefnum fræðasviðs. Einnig er skerpt á valdörkum á milli háskólaráðs, fræðasviða og deilda.

1.1.3 Fastanefndir

Á vegum háskólaráðs starfa nefndir samkvæmt nánari ákvörðun þess, sem verða ráðinu til ráðgjafar.

1.2 Rektor

1.2.1 Val rektors

Rektor er valinn með sama hætti og verið hefur, þ.e. með kosningu innan háskólasamfélagsins og hann síðan formlega ráðinn af menntamálaráðherra til fimm ára í senn. Hann getur mest setið tvö kjörtímabil samfelld. Rektor skal hafa prófessorshæfi og er gert ráð fyrir að einstaklingar utan Háskólans geti boðið sig fram til rektorskjörs.

1.2.2 Hlutverk

Hlutverk rektors er í aðalatriðum óbreytt frá því sem verið hefur. Hann er formaður háskólaráðs og fer með vald þess á milli funda. Hann er talsmaður Háskóla Íslands inn á við og út á við. Rektor tekur ákvörðun um ráðningu forseta fræðasviða og um ótímabundna ráðningu og framgang akademískra starfsmanna. Rektor setur forsetum fræðasviða erindisbréf. Hann er yfirmaður sameiginlegrar stjórnsýslu Háskólans. Rektor undirbýr dagskrá háskólaþings í samráði við forsetanefnd og stýrir því. Rektor er formaður forsetanefndar. Í tengslum við stækkun Háskóla Íslands kemur til greina að koma á fót embætti konrektors/aðstoðarrektors.

1.3 Háskólaþing

1.3.1 Skipan, formaður

Háskólaþing er skipað kjörnum fulltrúum háskólasamfélagsins, eins og gilt hefur um háskólafund, en val fulltrúa verður endurskoðað í ljósi nýs skipulags Háskólans. Rektor er formaður háskólaþings, ákveður dagskrá þess í samráði við forsetanefnd og boðar til þingsins.

1.3.2 Hlutverk

Háskólaþing er vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar. Hlutverk þingsins verður eftt, m.a. með því að það fjalli í ríkara mæli um akademíska stefnumótun en verið hefur.

1.3.3 Fastanefndir

Til að efla hlutverk háskólaþings er lagt til að sá möguleiki verði skoðaður að nefndir sem fara með akademísk málefni heyri undir þingið.

1.4 Forsetanefnd

1.4.1 Skipan

Í forsetanefnd situr rektor, sem er formaður, og forsetar fræðasviða.

1.4.2 Hlutverk

Forsetanefnd er samráðsvettvangur um málefni fræðasviða og sameiginleg mál Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að styrkja Háskólann sem heild og efla samstarf fræðasviða.

1.5 Verkefni á vettvangi sameiginlegrar yfirstjórnar (stjórnsýsla og stoðþjónusta)

Verkefni í daglegri stjórnsýslu og stoðþjónustu Háskóla Íslands skiptast á milli yfirstjórnar Háskólans, fræðasviða og deilda. Þjónustustofnanir Háskólans og tengdar stofnanir, s.s. Reiknistofnun, Landsbókasafn-háskólabókasafn, Rannsóknþjónustan, Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins og Háskólaútgáfan, veita almenna stoðþjónustu fyrir Háskólann í heild og eru bakhjarlar stoðþjónustukjarna fræðasviða (sjá 2.4).

Verkefni sem sinnt er af sameiginlegri yfirstjórn eru m.a.:

- Stefnumótun fyrir Háskóla Íslands.
- Fjármálastjórn, innri endurskoðun og samningar við stjórnvöld, skipting fjár.
- Þróunarmál fyrir Háskólann í heild.
- Öflun sértekna fyrir Háskólann í heild.
- Stjórn styrktarsjóða og annarra sameiginlegra sjóða.
- Lög og reglur.
- Gæðamál kennslu, rannsókna og framhaldsnáms, þ.m.t. Miðstöð framhaldsnáms.
- Sameiginleg þjónusta við nemendur, nemendaskrá, almenn námsráðgjöf og þjónusta við fatlaða.
- Mat á rannsóknum.
- Kynning á innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, aðstoð við gerð umsókna í rannsóknasjóði, fjárhagsáætlanir og samningagerð vegna rannsóknaverkefna.
- Starfsmannastjórn, kjarasamningar og ráðningarferli, s.s. skilgreining faglegra krafna við ráðningu, ákvörðun um ótímabundna ráðningu og framgang akademískra starfsmanna, réttindi og skyldur starfsmanna.
- Jafnréttismál.
- Framkvæmd skrilegra prófa.
- Húsnæðismál, s.s. nýbyggingar, fjármögnun, skipting húsnæðis á milli fræðasviða, og meiri háttar viðhald.
- Markaðs- og kynningarmál Háskólans í heild.
- Umsjón með ytri og innri vef.
- Alþjóðasamskipti Háskólans í heild.
- Móttaka og þjónusta við erlenda nemendur og starfsmenn.
- Starfræksla sameiginlegra tölvu- og upplýsingakerfa.
- Endurmenntun og aðrar sameiginlegar þjónustustofnanir.
- Samskipti og samningar við atvinnulíf.
- Samskipti og samningar við erlenda háskóla og vísindastofnanir.
- Lögfræðileg þjónusta, m.a. við samningagerð og samstarfsverkefni.
- Réttindamál stúdenta.
- Útgáfa kennsluskrár fyrir Háskólann í heild.

- Útgáfa ritverka kennara og fræðimanna.
- Öflun, greining og miðlun tölulegra upplýsinga.

2. Fræðasvið

Fræðasvið eru sjálfstæð um eigin málefni innan þeirra marka sem lög og sameiginlegar reglur Háskólans setja. Fræðasvið bera ábyrgð á fjárhagslegum og akademískum málefnum sínum. Deildir eru faglegar grunneiningar fræðasviða, þar sem fram fara kennsla og rannsóknir. Akademískir starfsmenn hafa rannsóknafrelsi.

2.1 Forseti fræðasviðs

2.1.1 Val forseta fræðasviða

Forsetar fræðasviða eru ráðnir af rektor að undangenginni auglýsingu og að fenginni umsögn valnefndar fræðasviðs. Valnefndin er skipuð þremur til sex fulltrúum deilda fræðasviðs og einum fulltrúa rektors. Fjöldi fulltrúa fræðasviðs í valnefnd er skv. nánari ákvörðun stjórnar fræðasviðs og háskólaráðs. Ráðningartími forseta fræðasviðs er fimm ár í senn. Forsetar fræðasviða skulu að jafnaði hafa prófessorshæfi auk leiðtogahæfileika og víðtækrar reynslu af stjórnun og stefnumótun. Gert er ráð fyrir að einstaklingar utan Háskólans geti sótt um starf forseta fræðasviðs. Starf forseta fræðasviðs er að jafnaði fullt starf við stjórnun.

Skýring:

Brugðist er við liðum 2.1 og 2.3 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. sl. Lagt er til að hæfi forseta fræðasviða og forseta deilda verði skilgreint þannig að til starfans fáiast öflugir stjórnendur sem hafa í senn ótvírætt akademískt hæfi og víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnun og stefnumótun (sjá einnig kafla 3.1.1 um val forseta deilda). Í umsögnum er bent á að útskýra þurfi betur hvernig staðið verði að vali forseta fræðasviða og hver aðild deilda verði að valnefndum. Lagt er til að brugðist verði við þessu með því að valnefnd verði skipuð þremur til sex fulltrúum deilda skv. nánari ákvörðun stjórnar fræðasviðs og háskólaráðs.

2.1.2 Hlutverk

Forseti fræðasviðs er akademískur leiðtogi þess, formaður stjórnar fræðasviðs og fer með vald stjórnar á milli funda. Hann hefur frumkvæði að því að útfæra stefnu Háskóla Íslands á vettvangi fræðasviðsins, efla liðsheild og styrkja samstarf á milli deilda. Hann ber ábyrgð á fjármálum og rekstri fræðasviðs og þeirra stofnana sem undir það heyra, starfsmannamálum og gæðum kennslu, rannsókna, stjórnsýslu og stoðþjónustu og annarrar starfsemi fræðasviðs. Forseti fræðasviðs gerir fjárhagsáætlun sviðsins í samráði við forseta deilda og beitir sér fyrir öflun sértekna. Hann ráðstafar því húsnæði sem fræðasviðið hefur til umráða skv. ákvörðun rektors og háskólaráðs. Forseti fræðasviðs tekur ákvörðun um tímabundna ráðningu akademískra starfsmanna á grundvelli tillögu valnefndar, en rektor tekur ákvörðun um ótímabundna ráðningu og framgang akademískra starfsmanna. Forseti fræðasviðs ákveður í samráði við forseta deilda skiptingu starfsskyldna akademískra starfsmanna í samræmi við gildandi reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Hann semur við forseta deilda um starfsskyldur þeirra og starfshlutfall. Forseti fræðasviðs ræður starfsfólk í stjórnsýslu- og tæknistörf. Hann fundar reglulega með forsetum deilda um árangur og áherslur í rannsóknum og kennslu og þjónustu við nemendur og kennara, með hliðsjón af stefnu og árangursmarkmiðum Háskólans og fræðasviðsins.

2.2 Stjórn fræðasviðs

2.2.1 Val, samsetning, formaður

Stjórn fræðasviðs er skipuð forseta þess sem er formaður, forsetum deilda og einum fulltrúa stúdenta. Fulltrúi fræðasviðs í háskólaráði situr fundi stjórnar fræðasviðs án atkvæðisréttar.

Til að tryggja virka upplýsingamiðlun geta fulltrúar fræðasviðs í nefndum, stjórnnum og ráðum á vettvangi yfirstjórnar Háskólans setið fundi stjórnar fræðasviðs eftir því sem ástæða er til. Þegar skipting fræðasviða í deildir liggur fyrir getur háskólaráð sett nánari reglur um skipan og verkefni stjórnar fræðasviðs, m.a. til að tryggja lýðræði og jafnræði innan sviðsins.

Skýring:

Brugðist er við lið 2.1 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. sl. Í fyrsta lagi er lagt til að stúdentar eigi fulltrúa í stjórn þess og í öðru lagi að fulltrúi fræðasviðs í háskólaráði sitji fundi stjórnar fræðasviðs án atkvæðisréttar til að tryggja jafnræði á milli deilda.

2.2.2 Hlutverk

Stjórn fræðasviðs fjallar um sameiginleg málefni sviðsins. Stjórnin hefur eftirlit með fjármálum, rekstri og gæðum starfsemi fræðasviðsins. Stjórn fræðasviðs staðfestir ákvörðun deilda um námsframboð, m.a. með hliðsjón af faglegri samþættingu námsframboðs á fræðasviðinu og fjárhagslegum sjónarmiðum.

Skýring:

Brugðist er við liðum 2.1 og 2.5 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. sl. Lagt til að heiti „deildarforsetaráðs“ verði breytt í „stjórn fræðasviðs“. Einnig er skerpt á hlutverki stjórnar fræðasviðsins og valdmörkum á milli hennar og háskólaráðs annars vegar og deilda hins vegar.

2.2.3 Fastanefndir

Hvert fræðasvið getur haft á að skipa fastanefndum, s.s. fjármálanefnd, framhaldsnámsnefnd, gæðanefnd, kennslumálanefnd, jafnréttisnefnd, markaðs- og samskiptanefnd og vísindanefnd.

2.3 Þing fræðasviðs

2.3.1 Skipan

Þing fræðasviðs skal halda a.m.k. einu sinni á hverju háskólaári. Þar eiga sæti starfsmenn og stúdentar fræðasviðs og utanaðkomandi fulltrúar samkvæmt nánari skilgreiningu hvers sviðs. Forseti fræðasviðs er formaður þingsins, hann ákveður dagskrá í samráði við stjórn fræðasviðs og boðar til þingsins.

2.3.2 Hlutverk

Þing fræðasviðs er samráðsvettvangur deilda og stofnana sviðsins. Þingið mótar stefnu fræðasviðsins í sameiginlegum akademískum og faglegum málum.

2.4 Stoðþjónusta og stjórnslá á vettvangi fræðasviða og deilda

2.4.1 Stoðþjónusta

Á hverju fræðasviði er starfræktur þjónustukjarni sem sameinar á einum stað og í nálægð við notendur helstu þjónustubætti sem nemendur, kennarar og annað starfsfólk þarf nauðsynlega á að halda til að geta náð framúrskarandi árangri í störfum sínum. Dæmi um slíka þjónustubætti eru tölvuþjónusta, upplýsingamiðlun, fjármálaráðgjöf og –þjónusta, markaðs- og kynningarmál, vefritstjórn, fagleg námsráðgjöf, kynning á innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og aðstoð við gerð umsókna í rannsóknasjóði og samningagerð vegna rannsóknaverkefna, ýmis gæðamál kennslu og rannsókna, upplýsinga- og bókasafnsþjónusta, þjónusta við erlenda kennara og nemendur, pantanir á tækjum og efnum, tæknileg þjónusta við rannsóknastofur deilda og rannsóknastofnanir, þjónusta við klíniska kennslu, þýðingar og textaráðgjöf, ljósritunarþjónusta o.fl. Skilgreind verður samræmd lágmarksþjónusta sem veitt verður á öllum fræðasviðum í samræmi við gæðakröfur Háskólans, en hvert fræðasvið getur útfært og aukið við þjónustuna.

2.4.2 Stjórnsýsla

Á hverju fræðasviði er starfrækt sameiginleg skrifstofa undir stjórn forseta fræðasviðs. Þar starfar m.a. fjármálastjóri sviðsins. Nákvæm verkaskipting á milli fræðasviðs og deilda er ákvörðuð nánar af stjórn fræðasviðs á grundvelli þarfagreiningar og í samræmi við stærð og umfang starfsemi hverrar deildar.

Eftirtöldum verkefnum er að jafnaði sinnt af sameiginlegri skrifstofu fræðasviðs:

- Stefnumótun fyrir fræðasvið í samræmi við heildarstefnu Háskóla Íslands.
- Fjármálastjórn.
- Starfsmannamál, nýráðningar og gestastörf.
- Jafnréttismál.
- Samhæfing faglegs starfs deilda og rannsóknastofnana innan fræðasviðs og efling þverfræðilegs samstarfs á milli fræðasviða, m.a. með þróun þverfræðilegra námsleiða.
- Trygging gæða í kennslu, rannsóknum og stjórnun.
- Gerð kennsluskrár fyrir fræðasvið.
- Húsnæðismál, skipting húsnæðis, rekstur og umsjón.

Eftirtalin verkefni geta ýmist verið sameiginleg fyrir fræðasvið eða sinnt af deildum:

- Samstarf við atvinnulíf.
- Öflun sértekna, s.s. frá einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og rannsóknasjóðum, þ.m.t. aðstoð við gerð umsókna.
- Alþjóðlegt samstarf.
- Markaðs- og kynningarmál.
- Endurmenntun og nám með starfi.
- Þjónusta við nemendur og fagleg námsráðgjöf.
- Stoðþjónusta við kennara og almenn skrifstofuþjónusta.

Eftirtöldum verkefnum er sinnt af deildum:

- Stefnumótun og forysta í faglegum málum deildar á sviði kennslu og rannsókna.
- Ábyrgð á fjármálum og rekstri deildar.
- Öflun sértekna fyrir deildir.
- Ábyrgð á gæðum og skipulagi kennslu, m.a. framboði námskeiða og kennslutilhögun.
- Ábyrgð á gæðum og skipulagi rannsókna í deild.
- Starfsmannasamtöl.
- Gerð kennsluskrár fyrir deild.

Skýring:

Brugðist er við lið 2.2 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. sl. Hér er í fyrsta lagi gert ráð fyrir vissri hugtakalegri aðgreiningu á milli stjórnsýslu og stoðþjónustu og í öðru lagi er gerð tillaga um öfluga þjónustukjarna á hverju fræðasviði og verkefni þeirra. Í þessu felst verkaskipting á milli sameiginlegrar yfirstjórnar, fræðasviða og deilda. Gert er ráð fyrir því að tiltekin lágmarksþjónusta verði veitt á vettvangi þjónustukjarna allra fræðasviða. Til að auka sveigjanleika er miðað við að hvert fræðasvið skilgreini nánar þarfir sínar fyrir þjónustu þar umfram sem og verkaskiptingu á milli sviðs og deilda. Aðgreiningin á milli stoðþjónustu og stjórnsýslu felur í sér að skrifstofa fræðasviðs fæst einkum við stjórnsýsluleg verkefni.

Tillagan um þjónustukjarna byggir á því að margvísleg þjónusta sem miðast við þarfir notenda – kennara og nemendur – á hverju fræðasviði er veitt á einum stað og í nálægð

við notendur. Tillagan felur ennfremur í sér að endurskoða þarf skipulag og hlutverk helstu þjónustueininga Háskólans.

2.5 Þverfræðilegt samstarf milli fræðasviða

Akademískir starfsmenn eru ráðnir að fræðasviði og hafa aðsetur í deild eða rannsóknastofnun eftir atvikum. Gert er ráð fyrir því að akademískir starfsmenn geti verið ráðnir að tveimur fræðasviðum í senn og með aðsetur í tveimur deildum (e. *joint appointment*), skv. nánari skilgreiningu háskólaráðs. Þverfræðilegar námsleiðir geta haft aðsetur í Miðstöð framhaldsnáms.

3. Deildir

Deildir eru faglegar grunneiningar fræðasviðs, þar sem fram fara kennsla og rannsóknir. Deildir bera ábyrgð á fjárhagslegum og akademískum málefnum, hver á sínu sviði. Þær ákveða uppbyggingu námsins og skiptingu þess í námskeið og veita háskólagráðu sem staðfest er af forseta deildar. Deildir geta stofnsett faglegar skipulagseiningar (e. departments) í samræmi við almennar reglur Háskóla Íslands.

3.1 Forseti deildar

3.1.1 Val

Deildarfundur kýs forseta deildar. Forseti deildar skal hafa prófessors- eða dósentshæfi, forystuhæfileika og reynslu af stjórnun. Kjörtímabil hans er þrjú ár í senn. Deild er heimilt að ráða utanaðkomandi forseta. Forseti fræðasviðs og forseti deildar semja um starfshlutfall og starfsskyldur deildarforseta.

3.1.2 Hlutverk

Forseti deildar á frumkvæði að móttun stefnu fyrir deild og hefur forystu í faglegum málum deildar. Hann er formaður deildarráðs, stýrir deildarfundum og fer með ákvörðunarvald í öllum málum deildar á milli funda. Forseti deildar er talsmaður deildar inn á við og út á við. Hann er ábyrgur fyrir fjármálum og rekstri deildar gagnvart forseta fræðasviðs. Hann beitir sér fyrir öflun sértekna sem deildin hefur ráðstöfunarrétt yfir í samræmi við almennar reglur Háskólans. Forseti deildar ber ábyrgð á námsframboði, skipulagi og gæðum kennslu og rannsókna í deild. Hann hefur umsjón með starfsmannamálum deildar og ræðir reglulega við kennara og aðra starfsmenn deildar um árangur í starfi.

3.1.3 Stjórnsýsla deildar

Umfang stjórnsýslu deildar fer eftir stærð og umfangi deildar (sjá 2.4).

3.2 Deildarráð

3.1.1 Val, samsetning, formaður

Deildarráð er skipað forseta deildar, sem er formaður þess, fulltrúum kennara og stúdenta. Deildarfundur setur nánari reglur um skipan deildarráðs.

3.2.2 Hlutverk

Deildarráð fer með stjórn deildar ásamt forseta deildar. Ráðið fjallar m.a. reglulega um kennslu, rannsóknir, gæðamál, námsframboð, námsmat og þjónustu við nemendur.

3.3 Deildarfundur

3.3.1 Skipan

Atkvæðisrétt á deildarfundum eiga akademískir starfsmenn deildar ásamt fulltrúum stúdentanna og utanaðkomandi fulltrúum, samkvæmt nánari ákvörðun deildar. Forseti deildar undirbýr dagskrá deildarfundar, boðar til hans og stýrir honum.

3.3.2 Hlutverk

Deildarfundur fjallar um stefnumótun deildar á sviði kennslu, rannsókna og gæðamála. Settar verða verklagsreglur um verkaskiptingu á milli forseta deildar, deildarráðs og deildarfundar.

3.3.3 Fastanefndir

Hver deild getur haft á að skipa fastanefndum eftir stærð og umfangi deildar.

3.4 Verkefni á vettvangi stjórnar deilda

Nákvæm verkaskipting milli fræðasviða og deilda er ákvörðuð í samræmi við umfang og starfsemi deilda. Rísi ágreiningur um verkaskiptingu á milli fræðasviða og deildar getur deild skotið málinu til háskólaráðs til úrskurðar.

4. Rannsóknastofnanir

Við fræðasvið og deildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Tvö eða fleiri fræðasvið geta starfrækt sameiginlega rannsóknastofnun. Fræðasviðum og stofnunum er heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Ekki er kveðið nákvæmlega á um skipulag og hlutverk rannsóknastofnana heldur er gert ráð fyrir að fræðasviðin útfæri hvert fyrir sig hvernig rannsóknastofnunum verði best fyrir komið innan þeirra. Gert er ráð fyrir því að rannsóknastofnanir eigi aðild að starfsemi þjónustukjarna fræðasviða.

Skýring:

Brugðist er við liðum 2.1 og 2.2 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. sl. Hér er lagt til að skipulag og hlutverk rannsóknastofnana verði ekki skilgreint þrengra en verið hefur og aðeins kveðið á um að starfrækja megi rannsóknastofnanir við fræðasvið og deildir. Í ytri úttektum á Háskóla Íslands er hins vegar bent á að mikill fjöldi smárra rannsóknastofnana vinni gegn nauðsynlegri samvinnu og þróun áherslusviða í rannsóknum. Stefnt er að endurskoðun á skipulagi rannsókn- og þjónustustofnana Háskólans, sbr. verk- og tímaáætlun í V. kafla hér að aftan.

4.1 Framkvæmdastjóri/forstöðumaður

Forseti fræðasviðs ræður forstöðumann og akademíska starfsmenn stofnunar á sama hátt og aðra akademíska starfsmenn fræðasviðsins. Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri stofnunar gagnvart forseta fræðasviðs. Hann ræður starfsfólk í stjórnsýslu- og tæknistörfum við stofnunina. Forstöðumaður getur verið ráðinn án hæfnisdóms.

Skýring:

Breytingin bregst við liðum 2.1 og 2.2 í samþykkt háskólaráðs frá 20. sept. sl. Til að taka af öll tvímæli er sagt berum orðum að akademískir starfsmenn stofnunar séu ráðnir á sama hátt og aðrir akademískir starfsmenn. Einnig er lagt til að tekið sé fram að forstöðumaður þurfi ekki nauðsynlega að vera ráðinn á grundvelli hæfnisdóms eins og verið hefur, enda getur verið um að ræða ótímabundið starf sem tekur fyrst og fremst til stjórnunar, rekstrar og þjónustu.

4.2 Hlutverk

Rannsóknastofnanir eru rannsóknavettvangur kennara og annarra akademískra starfsmanna. Rannsóknastofnanir geta tekið að sér þjónusturannsóknir og -verkefni.

V. Verk- og tímaáætlun

1. Gert er ráð fyrir að nýtt skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands verði afgreitt á háskólafundi 19. október 2007 og staðfest í háskólaráði í kjölfarið. Miðað er við að nýtt skipulag og stjórnkerfi taki formlega gildi 1. júlí 2008 um leið og sameining HÍ og KHÍ.
2. Fljótlega í kjölfar staðfestingar háskólaráðs (sbr. lið 1) verði auglýst störf forseta fræðasviða þannig að þeir geti tekið til starfa eigi síðar en 1. mars 2008. Fyrirsjáanlegt er að endurskoðun laga um Háskóla Íslands verði ekki lokið haustið 2007 og að óska þurfi eftir breytingum á lögum um Háskóla Íslands í samræmi við nýtt skipulag og stjórnkerfi.
3. Strax í kjölfar staðfestingar háskólaráðs (sbr. lið 1) skipi ráðið starfshópa um hvert hinna fimm fræðasviða sem hafi það hlutverk að gera rökstudda tillögu til háskólaráðs um skiptingu fræðasviðsins í deildir, verkefni skrifstofu sviðsins og verkefni stoðþjónustukjarna þess og etv. fleiri atriði samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Í hverjum starfshópi sitji forsetar núverandi deilda ásamt fulltrúa rektors. Í starfshópi um Menntavísindasvið sitji rektor KHÍ, ásamt þremur fulltrúum skv. nánari ákvörðun og fulltrúa rektors HÍ. Hóparnir skili háskólaráði tillögum sínum fyrir 1. desember 2007.
4. Samhliða þeirri vinnu sem lýst er í lið 3 þarf að huga að eftirfarandi:
 - Til þess að kennsla og önnur starfsemi raskist ekki haustið 2008 þarf kennsluskrá á grundvelli nýs skipulags að birtast í febrúar 2008.
 - Undirbúa þarf breytingar á sameiginlegum reglum Háskólans og reglum núverandi deilda í samræmi við hið nýja skipulag og stjórnkerfi. Gera má ráð fyrir að þessari vinnu verði ekki lokið að fullu fyrir en í árslok 2008.
5. Endurskoða þarf skipulag og hlutverk þjónustustofnana í tengslum við breytt skipulag stoðþjónustu.
6. Hugsa þarf að skipulagi rannsóknastofnana innan Háskóla Íslands.
7. Taka þarf ákvörðun um framtíðarstaðsetningu hinna nýju fræðasviða, þ.m.t. núverandi Kennaraháskóla Íslands.

Verkaskipting, stoðþjónusta og stjórnsýsla í nýju skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands

Samþykkt í háskólaráði 6. mars 2008

Eitt helsta markmið stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 er að skólinn hafi á að skipa framúrskarandi stjórnun og stoðþjónustu við nemendur og kennara. Í því skyni hefur skipulag og stjórnkerfi skólans verið endurskoðað og niðurstaðan samþykkt á háskólafundi 19. október 2007 og á fundum háskólaráðs 23. október 2007 og 17. janúar 2008. Hér á eftir fara tillögur um nánari útfærslu á ákveðnum þáttum verkaskiptingar, stoðþjónustu og stjórnsýslu í nýju skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands, en að öðrn leyti vísast í framangreindar samþykktir. Miðað er við að nýtt skipulag og stjórnkerfi taki formlega gildi 1. júlí 2008, en útfærslu einstakra þátta, s.s. fyrirkomulags skrifstofu og stoðþjónustu fræðasviða, rannsókn- og þjónustustofnana, faglegra grunneininga deilda, nefnda og háskólafundar verði í meginatriðum lokið á árinu 2008.

1. SAMEIGINLEG STJÓRN HÁSKÓLA ÍSLANDS

1.1 Háskólaráð

Háskólaráð er æðsta ákvörðunarvald innan Háskóla Íslands, setur reglur, mótar stefnu skólans, fer með samningsumboð gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum og tekur ákvarðanir um skiptingu fjár.

Fjárveitingar til fræðasviða skiptist í þrennt eftir nánari ákvörðun háskólaráðs, þ.e. (1.) skv. gegnsæju árangurslíkani vegna kennslu og rannsókna. Faglegar grunneiningar njóti a.m.k. sambærilegra fjárveitinga til kennslu og rannsókna og nú, (2.) til stjórnsýslu og stoðþjónustu á fræðasviðinu og (3.) til þróunarsjóðs fræðasviðsins. Stjórn fræðasviðs getur óskað eftir því við háskólaráð að fjárveiting vegna kennslu og rannsókna renni óskipt til fræðasviðsins.

Stefnt er að því að endurskoða fyrirkomulag útdeilingar fjár til fræðasviða til að stuðla sem best að gæðum á sviði kennslu og rannsókna, þverfræðilegri samvinnu, hagkvæmni í rekstri og skilvirkri stjórnun.

1.2 Rektor

Rektor er æðsti yfirmaður Háskóla Íslands og talsmaður hans inn á við og út á við. Rektor er formaður háskólaráðs og fer með vald þess á milli funda. Hann er yfirmaður sameiginlegrar stjórnsýslu og þjónustueininga Háskólans og ræður starfsmenn þeirra. Hann hefur frumkvæði að mótun stefnu fyrir Háskóla Íslands. Rektor ræður forseta fræðasviða að fenginni tillögu valnefndar og setur þeim erindisbréf. Hann tekur ákvörðun um ótímabundna ráðningu og framgang akademískra starfsmanna. Rektor fer reglulega með einstökum forsetum fræðasviða yfir árangur fræðasviðanna í kennslu, rannsóknum, stjórnun, alþjóðlegu og innlendu samstarfi og framlag sviðanna til íslensks samfélags.

1.3 Sameiginleg stjórnarsýsla og stoðþjónusta

Skrifstofa rektors hefur umsjón með fundum háskólaráðs, háskólafundi, ársfundi, forsetanefnd, þróunarmálum, gæðamálum, lagalegum málefnum, samningagerð og fjáröflun fyrir Háskólann í heild. Skrifstofa rektors annast samskipti við stjórnvöld. Einnig sér skrifstofan um samskipti við atvinnulíf, innlenda og erlenda háskóla og vísindastofnanir fyrir Háskólann í heild. Þá hefur rektorsskrifstofa umsjón með brautskráningu kandiata, doktorsvörnum, viðurkenningum til starfsmanna og málþingum, ráðstefnum, fyrirlesturum, boðum og mannfögnum á vegum rektors.

Sameiginleg stjórnarsýsla gætir heildarhagsmuna Háskólans, annast sameiginleg málefni hans og samskipti við stjórnvöld í umboði rektors. Sameiginlegri stjórnarsýslu er skipað í eftirfarandi svið (helstu verkefni eru talin upp í svigum):

- Fjármálasvið (fjárreiður, fjárhagsáætlanir, reikningshald, launavinnsla, innkaup, styrktarsjóðir),
- Framkvæmda- og tæknisvið (nýbyggingar, breytingar og viðhald bygginga, umsjón með lóðum, húsbúnaðarkaup og viðhald, öryggismál, umsjón með byggingum og ræstingu, leigusamningar og tryggingar),
- Kennslusvið (málefni kennslu, kennsluskrá, prófaumsýsla, nemendaskrá, námsráðgjöf, jafnréttismál, kennslumiðstöð, alþjóðaskrifstofa, mat á námi, skjalavarsla, lög og reglur),
- Markaðs- og samskiptasvið (sameiginlegt kynningarefni, háskólavefur, fjölmiðlatengsl, skipulagning viðburða, styrktarsjóðir, tengsl við atvinnulíf og hollvinasamtök),
- Starfsmannasvið (framkvæmd starfsmannastefnu, kjaramál, starfsauglýsingar og ráðningarmál, ráðgjöf við stjórnendur, réttindi og skyldur starfsmanna, starfsfræðsla, -þjálfun og -þróun og gerð verklagsreglna),
- Vísindasvið (málefni vísinda og rannsókna, rannsóknatengdir sjóðir, mat á rannsóknnum, málefni dómnefnda, grunnmat, nýráðningar og framgangsmál, framtal starfa, rannsóknamisseri, ritaskrá).

Til sameiginlegrar stjórnarsýslu teljast einnig Miðstöð framhaldsnáms og innri endurskoðun, auk þjónustustofnana og annarra þjónustueininga Háskólans. Fjallað er um samþættingu sameiginlegrar stjórnarsýslu og stoðþjónustu í kafla 3.

2. STJÓRN FRÆÐASVIÐA HÁSKÓLA ÍSLANDS

2.1 Forseti fræðasviðs

Forseti fræðasviðs er ráðinn af rektor að fenginni tillögu valnefndar. Hann er æðsti yfirmaður fræðasviðsins og fer með vald stjórnar þess á milli funda. Hann er akademískur leiðtogi fræðasviðsins í heild og stýrir stefnumótun þess í samræmi við heildarstefnu Háskóla Íslands. Hann ber ábyrgð á fjármálum og rekstri fræðasviðsins og þeirra stofnana sem undir það heyra. Hann semur við forseta deilda fræðasviðsins um starfsskyldur þeirra. Forseti fræðasviðs ræður akademíska starfsmenn tímabundið í umboði rektors, en rektor annast ótímabundnar ráðningar og framgang. Forseti ræður starfsmenn stjórnarsýslu og stoðþjónustu á fræðasviðinu og ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni formlegs gæðakerfis Háskólans á vettvangi sviðsins. Forseti fræðasviðs fer reglulega með einstökum deildarforsetum yfir árangur deildanna í kennslu, rannsóknnum, stjórnun, alþjóðlegu og innlendu samstarfi ásamt framlagi þeirra til íslensks samfélags. Forseti fræðasviðs fer reglulega með kennurum og öðrum

starfsmönnum sviðsins yfir árangur þeirra í starfi, en getur falið forsetum deilda að annast þetta hlutverk á vettvangi deildanna. Forseti fræðasviðs gerir rektor reglulega grein fyrir árangri fræðasviðsins í kennslu, rannsóknum, stjórnun, alþjóðlegu og innlendu samstarfi ásamt framlagi þess til íslensks samfélags.

2.2 Stjórn fræðasviðs

Stjórn fræðasviðs fjallar um sameiginleg málefni sviðsins og hefur eftirlit með fjármálum, rekstri og gæðum starfseminnar.

2.3 Forseti deildar

Forseti deildar er kosinn af deildarfundum eða samkvæmt öðrum reglum sem stjórn fræðasviðs ákveður og samþykktar hafa verið af háskólaráði. Deild er heimilt að ráða utanaðkomandi forseta. Hann stýrir mótun stefnu deildar í samræmi við heildarstefnu Háskóla Íslands og stefnu viðkomandi fræðasviðs og hefur forystu í faglegum málum deildarinnar. Hann stýrir deildarfundum, er formaður deildarráðs og fer með ákvörðunarvald í málum deildar á milli funda. Hann er ábyrgur gagnvart forseta fræðasviðs fyrir fjármunum deildar. Hann hefur eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í deildinni, í samræmi við formlegt gæðakerfi og mælikvarða Háskólans, og inntökuskilyrðum í deild. Deildarforseti stendur fyrir reglubundinni umfjöllun um markmið námsins og inntak prófgráða sem veittar eru, viðmið um inntak einstakra námskeiða og námsleiða út frá þekkingu, hæfni og færni sem nemendum er ætlað að búa yfir við námslok (e. learning outcome). Forseti deildar gerir forseta fræðasviðs reglulega grein fyrir árangri deildarinnar í kennslu, rannsóknum, stjórnun, alþjóðlegu og innlendu samstarfi ásamt framlagi hennar til íslensks samfélags.

2.4 Umbun vegna stjórnunarstarfa akademískra stjórnenda

Forsetar deilda og eftir atvikum forsvarsmenn starfseininga þeirra fá umbun fyrir stjórnunarstörf sín umfram fasta stjórnunarskyldu í samræmi við umfang starfseminnar skv. reiknireglu sem háskólaráð ákveður. Reiknireglan kveður á um heildarumbun sem er til ráðstöfunar fyrir deild vegna stjórnunarstarfa akademískra starfsmanna. Miðað er við að núverandi deildarforsetar sem sitja áfram fái óbreytta umbun fyrir stjórnunarstörf sín til ársloka 2008.

2.5 Stjórnsýsla og stoðþjónusta fræðasviðs

2.5.1 Skrifstofa fræðasviðs

Á hverju fræðasviði er skrifstofa með stoðþjónustukjarna undir stjórn forseta fræðasviðs. Á skrifstofunni starfar, auk forseta, rekstrarstjóri sem annast fjármálastjórn fræðasviðsins (áætlanagerð, eftirlit, upplýsingagjöf) og daglega stjórnun skrifstofunnar. Skrifstofan annast stjórnsýsluleg málefni fræðasviðsins alls, s.s. undirbúning funda og gagna, framkvæmd ákvarðana stjórnar fræðasviðsins o.s.frv. Miðað er við að forsetar fræðasviða, í samráði við rektor, háskólaráð og stjórn sviðanna, móti nánar starfsemi skrifstofu fræðasviðanna innan þess ramma sem hér er lýst.

2.5.2 Stoðþjónustukjarni fræðasviðs

Á skrifstofu fræðasviðs er stoðþjónustukjarni sem sinnir eftirtöldum verkefnum fyrir sviðið, deildir þess og stofnanir: (1.) Málefnum kennslu (s.s. kennsluskrágerð, námsráðgjöf, stundarskrágerð og bókun kennsluhúsnæðis, móttöku nýnema, afgreiðslu erinda nemenda, eftirfylgni með niðurstöðum kennslukannana), (2.) þjónustu við rannsóknir kennara (s.s. aðstoð við gerð umsókna til sjóða, utanumhald um rannsóknareikninga, aðstoð við gerð árlegrar rannsóknaskýrslu), (3.) starfsmannamálum (s.s. gerð starfslýsinga, framkvæmd

starfsmannastefnu og umsjón og eftirfylgni með starfsmannasamtölum, móttöku nýrra starfsmanna), (4.) markaðs- og kynningarmálum (s.s. umsjón með kynningarefni, vefmálum, hollvinastarfi), (5.) alþjóðamálum (s.s. málefnum erlendra nemenda og starfsmanna), (6.) umsjón með upplýsingatæknimálum (s.s. tölvuþjónustu, staðtölum, skjalastjórnun, bókasafnsþjónustu), (7.) tæknilegri aðstoð á rannsóknastofum, innkaupum og umsjón með sérhæfðum eignum, tækjum og búnaði auk (8.) almennrar þjónustu við nemendur og kennara.

Einstök fræðasvið geta útfært og aukið við þjónustu sína við nemendur og kennara. Umsjón með helstu verkefnaflokkum er í höndum sérhæfðra stjórnenda, s.s. starfsmannastjóra, vefstjóra og kennslustjóra, og getur einn stjórnandi haft umsjón með fleiri en einum málaflokki.

Starfsfólk í stoðþjónustu og stjórnsýslu er ráðið af forseta fræðasviðs og greiðir sviðið laun þess.

2.5.3 Sérstök stoðþjónusta við deildir

Innan stoðþjónustukjarna fræðasviðs ern starfsmenn sem sinna almennri þjónustu við kennara og nemendur einstakra deilda, einnar eða fleiri, og geta þeir ýmist verið staðsettir á skrifstofu fræðasviðs eða hjá deildum.

2.5.4 Skrifstofur rannsóknastofnana

Miðað er við að skrifstofur rannsóknastofnana fræðasviðs verði að jafnaði hluti af stoðþjónustukjarna sviðsins.

3. SAMÞÆTTING YFIRSTJÓRNAR OG FRÆÐASVIÐA

3.1 Forsetanefnd

Í forsetanefnd situr rektor, sem er formaður, og forsetar fræðasviða. Forsetanefnd er samráðsvettvangur um málefni fræðasviða og sameiginleg mál Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að styrkja Háskólann sem heild og efla samstarf fræðasviða. Forsetanefnd fundar með háskólaráði a.m.k. einu sinni á misseri.

3.2 Samstarfsteymi í stjórnsýslu og stoðþjónustu

Stjórnendur hvers málaflokks á skrifstofum fræðasviðanna mynda samstarfsteymi ásamt sviðsstjórum í sameiginlegri stjórnsýslu. Teymin eru samráðsvettvangur um sameiginleg málefni Háskólans og tryggja samfellu í starfsemi hans. Eftir atvikum taka fulltrúar þjónustustofnana og annarra þjónustueininga Háskólans þátt í starfi viðkomandi teymis.

3.3 Þjónustustofnanir

Gert er ráð fyrir því að hlutverk og skipulag núverandi þjónustustofnana og annarra þjónustueininga verði endurskoðað í samræmi við nýtt skipulag og stjórnkerfi Háskólans. Þessar þjónustustofnanir og þjónustueiningar eru: Alþjóðaskrifstofa, Endurmenntun, Háskólaútgáfa, Kennslumiðstöð, Námsráðgjöf, Rannsóknþjónusta, Reiknistofnun og Tungumálamiðstöð, auk bókasafnsþjónustu. Markmiðið með endurskoðuninni er tvíþætt. Í fyrsta lagi að tryggja framúrskarandi þjónustu við nemendur og starfsmenn og í öðru lagi að stuðla að samþættingu þeirrar þjónustu sem sameiginleg stjórnsýsla og stoðþjónustukjarnar fræðasviðanna veita. Slíkri samþættingu mætti t.d. ná með því að hluti af starfsemi þjónustueininganna fari fram á vettvangi fræðasviðanna.